

**STARFSSKÝRSLA 2009**  
**SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR**  
**TIL UMHVERFISRÁÐHERRA**  
**MARS 2010**



*Mynd: Þórólfur Halldórsson*

**Blágresi í Hróteyjum - Fagridalur og Hafratindur í baksýn**

Friðjón Þórðarson, fyrrverandi ráðherra og sýslumaður, fæddist á Breiðabólstað á Fellsströnd 5. febrúar 1923. Hann lést á Landakoti 14. desember 2009, 86 ára að aldri.



Útför Friðjóns fór fram frá Hallgrímskirkju 22. desember.

### **Kveðja frá Breiðafjarðarnefnd**

Friðjón Þórðarson var héraðshöfðingi í Dölum og andlát hans héraðsbrestur mikill fyrir Dalamenn. Fas hans var yfirvegað og hæverskt en ákveðið eins og höfðingja sæmndi. Friðjón lagði sig fram um að ljúka málum í sátt, helst þannig að samhljóða væri og mótatkvæðalaust. Hann var eigi að síður afar fylginn sér, ötull málafylgjumaður og ráðabriggari.

Breiðafjörður var Friðjóni mjög kær og lagði hann sig allan fram um að gera veg Breiðafjarðar og Breiðfirðinga sem mestan á öllum sviðum; sagan, menningin, náttúran, atvinnutækifærin og hvaðeina sem til framfara horfði í héraði var honum hugleikið.

Alþingi ályktaði árið 1978, að tillögu Friðjóns, „að skora á ríkisstjórn að stuðla hið fyrsta að því, að hið fjölþætta lífríki Breiðafjarðar verði kannað og verndað, eftir því sem þurfa þykir, í samráði við heimamenn og náttúruverndarsamtök“. Þarna voru lögð fyrstu drög að lögum sem árið 1995, sautján árum seinna, voru samþykkt á Alþingi sem lög um vernd Breiðafjarðar. Friðjón gegndi formennsku í Breiðafjarðarnefnd frá upphafi og stýrði alls 90 stjórnarfundum, þeim síðasta í júní 2008, og ég átti því láni að fagna að taka þátt í þessum fundum sem fulltrúi Vestur-Barðstrendinga í nefndinni.

Breiðafjarðarnefnd var á ferð á Siglunesi á Barðaströnd í júlí 2005. Rétt neðan bæjarstæðisins á Siglunesi stendur bautasteinnur sem reistur var til minningar um síðustu ábúendur á Siglunesi þau Gísli Marteinson og Guðnýju Gestsdóttur. Á hann eru rituð hin fornu áhrinsorð, sem húsfreyja nokkur á Siglunesi hafði um Siglunesvör eitt sinn er bóndi hennar var á sjó og snögg veðrabrigði urðu til hins verra, að „sá sem frá Siglunesi rær – landi nær“.

Trú Breiðfirðinga á þessi orð var mikil, og algengt var að menn úr Breiðafjarðareyjum gerðu sér för að Siglunesi og lentu þar áður en þeir lögðu af stað vestur á Brunna eða aðrar verstöðvar vestur í Víkum sem var algengt, sérstaklega á vorvertíð. Við lok heimsóknar Breiðafjarðarnefndar að Siglunesi ritaði Friðjón Þórðarson, formaður nefndarinnar, eftirfarandi kveðjuorð í gestabók Sigluness:

„Breiðafjarðarnefnd á vettvangsferð við vesturmörk á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Sagt er hér um Siglunes  
að sá er héðan rær  
eftir góða útiveru  
alltaf landi nær

Þó að hér sé aðeins eftir  
ósköp lítill bær  
þessi aldni átrúnaður  
er mér hjartakær

## **Inngangur**

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín.

Þegar lög nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun tóku gildi 1. janúar 2003, breyttust lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 á þann veg að Umhverfisstofnun tók yfir hlutverk Náttúruverndar ríkisins samkvæmt 4. gr. laganna og um leið stjórnýsluverkefni Breiðafjarðarnefndar samkvæmt 2. og 3. mgr. 6. greinar laganna.

## **Aðsetur Breiðafjarðarnefndar**

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

## **Skipan Breiðafjarðarnefndar**

Umhverfisráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára í senn. Núverandi nefnd var skipuð af ráðherra þann 17. júlí 2008.

Snemma á árinu 2009 hætti Róbert A. Stefánsson, varamaður Þorleifs, og við tók Trausti Baldursson.

Eftirfarandi fulltrúar sitja í Breiðafjarðarnefnd:

- Kolbrún Reynisdóttir kennari, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Úlfar B. Thoroddsen, framkvæmdastjóri.
- Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Jóhannes Gíslason, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Halla S. Steinólfsdóttir, bóndi.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, byggingameistari, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofunum á Vestfjörðum og Vesturlandi, til vara Trausti Baldursson, líffræðingur.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Fornleifavernd ríkisins, til vara Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur.

Ritari Breiðafjarðarnefndar, Sigríður E. Elisdóttir lét af störfum í ágúst 2009 og tók Pálmi Freyr Sigurgeirsson við hennar starfi.

## Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt þrettán nefndarfundi á árinu 2009 og voru ellefu haldnir í Stykkishólmi en aðrir sem hér segir:

96. fundur var haldinn í Umhverfisstofnun í Reykjavík. Fundinn sátu auk nefndarmanna Sigurður Á Þráinsson frá skrifstofu stefnumótunar og alþjóðamála í umhverfisráðuneytinu og Guðrún Gísladóttir, prófessor við Líf-og umhverfivísindadeild Háskóla Íslands. Sigurður hélt kynningu fyrir nefndarmenn um Ramsar samninginn og upplýsti einnig að Breiðarfjarðarsvæðið sé á yfirlitslista fyrir heimsminjaskrána World Heritage.

103. fundur var haldinn 1. júlí í Skarðsstöð í Dalasýslu, í miðri vettvangsferð um Breiðafjörð. Gestur Breiðafjarðarnefndar í vettvangsferðinni var meðal annarra Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra.

Í Skarðsstöð var undirritaður samningur Breiðafjarðarnefndar og Dalabyggðar um skráningu og hnitsetningu örnefna og fornleifa. Formaður og varaformaður afhentu ráðherra starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar síðastliðins árs og kynntu helstu málefni nefndarinnar.

Auk hefðbundinna nefndarfunda funduðu þær Kolbrún Reynisdóttir, formaður og Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður 18. júní í Reykjavík. Upphaflega stóð til að þær myndu funda með umhverfisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur, en þeim fundi var aflýst með stuttum fyrirvara.

Um fjöllum mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í [Viðauka I](#).

## Kostnaður við störf nefndarinnar

Á fjárlögum ársins 2009 fékk Breiðafjarðarnefnd úthlutað 8,4 millj. kr. til reksturs og ráðstöfunar, en árið þar á undan hafði nefndin 8,1 millj. kr. á fjárlögum.

Í byrjun árs var fjárhagsstaða nefndarinnar jákvæð um rúmar 1,9 milj. kr.


Eins og fyrr var heildarkostnaður við fundi nefndarinnar á árinu 2009 all hár, en búsetudreifing nefndarmanna veldur því að fundahöldum fylgir óhjákvæmilega mikill ferðakostnaður.

### Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2009

Fjárheimild ársins 2009	8.400.000	
Tilfærslur og flutt frá fyrra ári vegna örnefnaverkefnis, prentunar og skráningar á sögu Breiðafjarðar	1.942.252	
Óbókuð en greidd nefndarlaun vegna 2005	916.403	
Óbókað frá 2006 - laun vegna nefndarsetur 2005		916.403
<b>Samstarfssamningar:</b>		
Samningur við Dalabyggð vegna örnefnaskráninga		946.994
Samningur við Náttúrustofu Vestfjarða vegna örnefnaskráninga		1.000.000
Lögfræðikostnaður vegna samningsgerðar við Raunvísindastofnun		112.750
Ritun á sögu Breiðafjarðar - Sverrir Jakobsson		500.000
<b>Kostnaður vegna funda:</b>		
Nefndarlaun vegna ársins 2008		1.369.481
Akstur, flug, bílaleigubílar og dagpeningar		2.236.287
Annar kostnaður vegna funda		68.753
<b>Kostnaður vegna vinnufundar um menningarminjar á Breiðafirði:</b>		
Gisting, veitingar og ritföng		303.860
<b>Kostnaður við gerð upplýsingarskiltis</b>		
Kortagerð		35.000
<b>Kostnaður vegna vettvangsferðar:</b>		
Bátar , veitingar og leiðsögn		665.058
<b>Rekstur skrifstofu:</b>		
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands v. ritara og skrifstofu		1.716.738
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta (vistun heimasíðu)		25.126
Símagjöld og afnotagjöld af línnum		97.428
Vextir, bætur, skattar		3.690
<b>Útgáfa:</b>		
Prentun á kynningarbæklingum um Breiðafjörð		697.200
<b>Annar kostnaður:</b>		
Opinber gjöld til ríkisins		82.776
Gjafir		15.500
<b>Alls</b>	<b>11.258.655</b>	<b>10.793.044</b>
<b>Hagnaður</b>		<b>481.111</b>

**11.258.655 11.258.655**

Frá árinu 2003 hefur fjárheimild Breiðafjarðarnefndar hækkað örlítið frá ári til árs. Árið 2003 nam heimildin 6,7 millj. kr., árið 2004 6,9 millj. kr., árið 2005 7 millj. kr., árið 2006 7,4 millj. kr., árið 2007 7,8 millj. kr., árið 2008 8,1 millj. kr og eins og fram hefur komið var fjárheimild nefndarinnar árið 2009 8,4 milljónir króna. Ef fjárheimildir nefndarinnar hefðu fylgt launavísitölu frá 2003 hefði fjárheimild ársins 2009 verið rúmar 10 milljónir króna.



## **Starfsemi á árinu 2009**

### **Framkvæmd verndaráætlunar**

Í lögum um vernd Breiðafjarðar er sérstaklega kveðið á um gerð verndaráætlunar með það að markmiði að tryggja vernd svæðisins þ.e. landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja eins og fram kemur í 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar.

Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, staðfesti þann 10. október 2001 verndaráætlun fyrir Breiðafjörð en gildistími þeirrar áætlunar var frá árinu 2000 til ársins 2004.

Í verndaráætluninni voru kynnt fjölmörg verkefni sem m.a. byggja á gagnaöflun og vöktun, en verkefnin taka mið af því að unnt verði að standa við markmið áætlunarinnar.

Drög að texta endurskoðaðrar verndaráætlunar voru send í október 2008 til sveitarfélaganna við Breiðafjörð, Umhverfisstofnunar, Náttúrfræðistofnunar Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða, Náttúrustofu Vesturlands og Fornleifaverndar ríkisins til umsagnar. Athugasemdir bárust nefndinni fyrri hluta árs 2009 og hefur Breiðafjarðarnefnd á árinu farið yfir innsendar athugasemdir.


### **Helstu verkefni**

Á árinu 2009 fjallaði Breiðafjarðarnefnd um erindi sem nefndinni bárust. Vinna við gerð verndaráætlunar og upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði var þar lang fyrirferðarmest. Varðandi afgreiðslu þeirra er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í [viðauka I](#). Nokkrar afgreiðslur eru taldar upp hér á eftir en listi yfir innsend og útsend erindi er í [viðauka II](#).

- Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð
- Skilti við ferjuhafnir á Breiðafirði
- Örnefnaskráningar á Breiðafirði
- Skráning á sögu Breiðafjarðar

### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Breiðafjarðarnefnd hóf á árinu vinnu við gerð upplýsingaskiltis við ferjuhafnirnar í Stykkishólmi, Flatey og Brjánslæk í samstarfi við Vegagerðina. Á skiltinu er kort af Breiðafirði sem sýnir mörk verndarsvæðisins og upplýsingar um náttúrufar, sögu og menningu svæðisins. Fyrirtækið Teikn á lofti sér um hönnun og útlit skiltisins en kortagerð annaðist Sigurgeir Skúlason. Áætlað er að skiltin verði sett upp á vormánuðum 2010.



Mynd: Upplýsingaskiltið sem sett verður upp.

## Örnefna- og fornleifaskráning

Á árinu 2009 var að frumkvæði Breiðafjarðarnefndar gerður samstarfssamningur við Dalabyggð um framlag nefndarinnar vegna verkefnis við örnefna- og fornleifaskráningu á jörðum við Breiðafjörð í sveitarfélaginu. Samningurinn er til staðfestingar á samkomulagi aðila um átaksverkefni til varðveislu menningarminja við Breiðafjörð. Um er að ræða sérstakt átaksverkefni sem byggir á samningi Dalabyggðar og Vinnuálastofnunar samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 12/2009. Dalabyggð réð Óskar Leif Arnarson, fornleifafræðing til verksins.

Í desember 2009 gerði Breiðafjarðarnefnd samning við Náttúrustofu Vestfjarða um áframhald á verkefninu.

## Vinnufundur um menningarminjar

Breiðafjarðarnefnd boðaði til vinnufundar um menningarminjar sem var haldinn 17.-18. apríl 2009 í Stykkishólmi. Til fundarins var boðið sérfræðingum á sviði menningarminja. Meginmarkmið fundarins var að leggja drög að áætlun um brýnar menningarminjarannsóknir á Breiðafirði sem ætlað yrði að auka skilning á eðli og umfangi menningarminja á Breiðafirði. Magnús A. Sigurðsson sat í undirbúningsnefnd fyrir fundinn. Í kjölfarið var gerð skýrsla þar sem fjallað er um hvað mikilvægast er að rannsaka og vernda á verndarsvæði Breiðafjarðar. Skýrsluna er að finna í [Viðauka IV](#) og á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

## **Skráning á sögu Breiðafjarðar**

Breiðafjarðarnefnd hefur átt samstarf við Sverri Jakobsson sagnfræðing um skráningu á sögu Breiðafjarðar. Gerðir hafa verið fimm samstarfssamningar frá því í maí 2005. Síðasti samningurinn var vegna vinnu við ritverkið á árinu 2009. Sverrir hefur reglulega skilað Breiðafjarðarnefnd handritum um framvindu verksins .

## **Vettvangsferð um Breiðafjörð**

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð um Breiðafjörð þann 1. júlí 2009. Gestir í ferðinni voru meðal annarra Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Hafdís Gísladóttir aðstoðarmaður ráðherra, Jónína Hafsteinsdóttir og Svavar Sigmundsson frá nafnfræðisviði stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Óskar Leifur Arnarson fornleifafræðingur.

Farið var frá Skarðsstöð. Siglt var út með Líney hjá Djúpeyjum, staldrað við hjá Fitjarey og Bæjarey í Hafnareyjum og síðan siglt vestur og norður fyrir eyjarnar að Trésey, síðan hjá Rúfeyjum inn Rúfeyjaröst að Rauðseyjum og inn á voginn. Gengið var í land í Bæjarey í Rauðseyjum. Frá Rauðseyjum var siglt norðan Köngurseyjar og inn að Ólafseyjum þar sem gengið var á land í Bæjarey, gengið um eyjuna og snæddur hádegisverður.

Frá Ólafseyjum var siglt inn að Lat og að Hróteyjum og gengið þar á land. Þar naut ferðafólk heimatilbúinna veitinga frá Sigurði og Erlu í Innri Fragradal. Frá Hróteyjum var siglt að Akureyjum og að lendingunni við Bæjarey þar sem hjónin Lilja Gunnarsdóttir og Birgir Bjarnason tóku á móti hópnum og buðu upp á veitingar. Frá Akureyjum var síðan siglt framhjá Ásmóðarey og í Skarðsstöð. Þar tóku Halla Steinólfsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi og Grímur Atlason sveitarstjóri á móti hópnum. Boðið var upp á fjölbreyttar afurðir úr Dölum, svo sem kjöt, osta, sultur og ís.

Í Skarðsstöð var undirritaður samningur Breiðafjarðarnefndar og Dalabyggðar um skráningu og hnitsetningu örnefna og fornleifa. Að fundi loknum var ekið að Tindum, þar sem surtarbrandsnámán á fjörukambinum var skoðuð og að því búnu var farið að Votabergi á Skarðsfjöru þar sem er að finna surtarbrand og viðarsteingervinga, hvort tveggja undir leiðsögn Trausta Bjarnasonar bónda á Á. Í ferðinni naut hópurinn leiðsagnar Ásgeirs Gunnars Jónssonar og Sigurðar Þórólfssonar.

Í Skarðsstöð gafst formanni og varaformanni tækifæri til að afhenda ráðherra starfsskýrslu síðastliðins árs og kynna helstu málefni nefndarinnar.

## **Heimasíða Breiðafjarðarnefndar**

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni [www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is), en þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, vöktunar- og rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð, skýrsluna „Örnefni í sjó á Breiðafirði“, stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði, útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins.

Bæklingar nefndarinnar „Breiðafjörður – Náttúra og saga“ og „Fuglalíf á Breiðafirði“ eru einnig aðgengilegir á heimasíðunni.

Ýmsar aðrar upplýsingar og myndir frá Breiðafirði er einnig að finna á heimasíðunni.

## Önnur mál

Öll önnur mál sem Breiðafjarðarnefnd fjallaði um á árinu og afgreiddi er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í [Viðauka I](#) og yfirliti yfir innsend og útsend erindi í [Viðauka II](#).

## Viðaukar

Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja starfsskýrslunni fjórir viðaukar.

Viðauki – I: Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar, bls. 11 - 39.

Viðauki – II: Yfirlit yfir innsend og útsend erindi, bls. 40 - 44.

Viðauki – III: Skýrslur og bæklingar, bls. 45.

Viðauki – IV: Skýrsla um vinnufund um menningarminjar á Breiðafirði, bls 46-61

Óski umhverfisráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2009 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í mars 2009  
f.h. Breiðafjarðarnefndar



---

Kolbrún Reynisdóttir  
formaður

## **Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2009**

### **96. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 15. janúar 2009 í Umhverfisstofnun, Reykjavík**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórolfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórolfsson, Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson.

*Fundarritari:* Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

#### **Dagskrá:**

#### **Ramsar skráin og Heimsminjaskráin World Heritage**

Sigurður Á Þráinsson frá skrifstofu stefnumótunar og alþjóðamála í umhverfissráðuneytinu var boðaður á fundinn og mætti kl. 11:00.

Sigurður hélt greinargóða kynningu fyrir nefndarmenn um Ramsar-samninginn. Hann gerði grein fyrir því hvað fælist í skuldbindingum og framkvæmd samningsins fyrir aðildaríkin og hvaða áhrif slík tilnefning gæti haft fyrir Breiðafjörð. Hann svaraði síðan spurningum nefndarmanna.

Sigurður nefndi að í umhverfissráðuneytinu væri ekki farið að vinna að tilnefningu Breiðafjarðar eða hluta hans á Ramsar-skrána, þótt það hafi verið rætt um það. Slík vinna þyrfti ekki að vera bundin við allt verndarsvæðið. Hann kvað stefnuna vera þá að friðlýsa svæði sem sett eru á Ramsar m.a. til þess að þau falli undir umsjón Umhverfisstofnunar.

Hann sagði mikilvægasta ávinninginn með tilnefningu vera þá gríðarlegu kynningu sem svæðið fengi, það myndi draga að fleiri ferðamenn, svæðið fengi alþjóðlega viðurkenningu á því að þetta væri mikilvægt svæði fyrir fugla og það sé verndað. Með tilnefningu væru þó settar skyldur á herðar okkur um að raska ekki vistvænum eiginleikum svæðisins.

Sigurður sagði einnig frá því að Breiðafjarðarsvæðið sé á yfirlitslista fyrir Heimsminjaskrána World Heritage.

**Afgreiðsla:** Fundarmenn þökkðu Sigurði fyrir kynninguna og vék hann af fundinum kl. 12:30.

#### **Fundargerð 95. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Samningur við Raunvísindastofnun**

Guðrún Gísladóttir prófessor við Raunvísindadeild Háskóla Íslands var boðuð á fundinn og mætti kl. 13:00.

Rædd voru drög að samningi um skráningu á örnefnum á Breiðafirði, vegna vinnu sem þegar hefur verið unnin og greitt fyrir.

Guðrún sagði frá því að hún hafi rætt við Sólveigu Bachmann Gunnarsdóttur lögfræðing hjá stjórnslunni í Háskóla Íslands, en hún hefur skoðað samningsdrögin. Breiðafjarðarnefnd hafði áður borið samningsdrögin undir Erlu S. Árnadóttur, hrl., en ekki hefur náðst samkomulag um samningsdrögin vegna höfundarréttarákvæða og ákvæðis um afhendingu gagna, sem nefndin telur brýnt að fá afhent á stafrænu formi.

Guðrún sagði að Raunvísindastofnun geti ekki undir neinum kringumstæðum afhent gagnagrunninn sem unninn er í tengslum við verkefnið en sagði sjálfsagt að afhenda textaskrár úr honum sem innhalda upplýsingar um örnefni og staðsetningar þeirra.

**Afgreiðsla:** Guðrún mun hafa samband við Sólveigu Bachmann, lögfræðing hjá Háskóla Íslands og Breiðafjarðarnefnd mun hafa samband við Erlu S. Árnadóttur, hrl. Óskað verður eftir því að þær komist að sameiginlegri niðurstöðu um samninginn sem báðir samningsaðilar geti sætt sig við.

Guðrún vék af fundi kl. 14:00.

### **Tillögur Þorleifs frá 93. fundi, sem ekki hafa fengið formlega afgreiðslu**

Athugasemdir sem Þorleifur Eiríksson gerði við fundargerð 93. fundar, en Breiðafjarðarnefnd féllst ekki á, voru endurfluttar með ósk um nánari skýringar.

Þorleifur gerði grein fyrir því sem hann taldi vanta í bókun 93. fundar.

Þórólfur ítrekaði að búið væri að afgreiða fundargerðir 93. og 94. fundar og ekki sé hægt að endurupptaka umræðu um samþykktar fundargerðir og mótmælti að það væri gert.

Þorleifur ítrekaði að hann telji afgreiðslu á lið 2. gr. lið a. í erindi sínu til nefndarinnar óskýra og hefur óskað eftir því að bókað verði hverjir eigi að fá verndaráætlunina senda og hvenær. Hann telur óeðlilegt að Náttúrustofa Vestfjarða og Náttúrustofa Vesturlands hafi ekki verið beðnar formlega um umsögn eins og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þórólfur gerði athugasemdir við bókun Þorleifs þar sem drögin að verndaráætluninni eru samin af forstöðumanni Náttúrustofu Vesturlands og forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða situr í nefndinni.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd mun setja drög að verndaráætlunni inn á heimasíðu nefndarinnar þegar farið hefur verið yfir þær athugasemdir sem nefndinni hafa borist og tekið tillit til þeirra. Þar verði fólki gert kleift að senda inn athugasemdir innan tiltekins tíma.

--

Í fundargerð 93. fundar var bókað í afgreiðslu á 2. gr. lið c. erindis Þorleifs að ákveðið hafi verið að halda áfram yfirferð fyrir texta verndaráætlunarinnar og að tölulíðir ii-v í c lið verði teknir fyrir á þeim stað sem við á í verndaráætluninni.

Þorleifur vill að það verði bókað að ekki hafi verið tekið tillit tillögu hans í 2. gr. lið c, nr. ii.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd hefur áður tekið jákvætt í að yfirlitskafla verndaráætlunarinnar verði gerður skýrari og gerð verði nánari samantekt um það sem hefur áunnist eða tapast, þó það hafi ekki verið bókað sérstaklega.

-----

Í erindi sínu (lið iii) óskaði Þorleifur eftir því að í verndaráætlun verði skýr og röskudd afstaða til varnaraðgerða á borð við skráningu Breiðafjarðar á Heimsminjaskrá, Ramsar og verndun menningarsögulegra minja.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd mun ræða málið nánar þegar kaflarnir um Ramsar og Heimsminjaskrána verða ræddir við yfirferð verndaráætlunarinnar. Lögð verður áhersla á að stefnumótun um þetta verði unnin í nánu samstarfi við sveitarfélögin.

---

Í lið iv í erindi sínu óskar Þorleifur eftir að reglugerð um verndun menningar- og náttúruminja sé lögð fram samhliða verndaráætlun.

**Afgreiðsla:** Drög að reglugerð um menningarminjar liggur þegar fyrir og unnið verður að drögum að reglugerð um náttúruminjar.

---

Í lið v í erindi Þorleifs óskar hann eftir að dregin verði fram nokkur atriði úr fyrirbyggjandi rannsóknáætlun sem nýtast beint til verndaraðgerða og tilgreina í verndaráætlun, svo sem kortlagningu á fjörum og botni Breiðafjarðar.

**Afgreiðsla:** Við yfirferð verndaráætlunar mun nefndin vinna tillögu um forgangsröðun rannsóknaverkefna skv. rannsóknáætlun.

#### **Þóknun vegna nefndarsetu 2008**

Lögð voru fram drög að umsókn um þóknun og reiknaðar einingar vegna nefndarsetu í Breiðafjarðarnefnd á árinu 2008.

**Afgreiðsla:** Drögin voru samþykkt og ekki voru gerðar athugasemdir við þann fjölda eininga sem nefndarmönnum voru reiknaðar.

#### **Vinnufundur sérfræðinga 17. – 18. apríl 2009**

##### *a. Bréf Fornleifaverndar ríkisins, dags. 17. desember 2008*

Lagt var fram og rætt bréf Fornleifaverndar ríkisins varðandi fyrirhugaðan fund sérfræðinga um menningarminjar.

Fornleifavernd ríkisins hefur fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd.

Brýnt er að stofna vinnuhóp til að skipuleggja vinnufundinn.

**Afgreiðsla:** Magnús mun ræða við Kristínu Huld Sigurðardóttur, forstöðumann Fornleifaverndar ríkisins, um fyrirhugaðan vinnufund og að stofna undirbúningshóp.

Lagt var fram til kynningar:

##### *b. Tölvupóstur frá Bjarna F. Einarssyni, dags. 19. desember 2008, Óskari L. Arnarsyni, dags. 5. janúar 2009 og Nikulási Úlfari Mássyni, dags. 12. janúar 2009.*

Ofangreindir aðilar hafa þegið boð um að mæta eða senda fulltrúa á fyrrgreindan vinnufund.

##### *c. Styrking á vernd Breiðafjarðar. Erindi frá Snæfellsbæ, dags. 14. nóv. 2008*

Lagt var fram og rætt erindi frá bæjarráði Snæfellsbæjar þar sem vakin er athygli á því að hugsanlegur starfsmaður Breiðafjarðarnefndar gæti átt mikla samleið með starfsfólki Rannsóknarseturísins Varar í Snæfellsbæ og að hann gæti hugsanlega fengið starfsaðstöðu hjá Vör.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd mun þakka bæjarráði Snæfellsbæjar fyrir að bjóða fram aðstöðu fyrir starfsmann. Jafnframt mun nefndin benda á að sá starfsmaður sem nefndin telur brýnt að verði ráðinn til að vinna að vernd svæðisins, fylgja eftir verndaráætlun og stuðla að auknum rannsóknum á náttúru og menningarminjum yrði ekki starfsmaður nefndarinnar.

### **Verkefni á verndarsvæði Breiðafjarðar**

Þórólfur sagði frá því að hann hafi átt fund í morgun með Karli Sigurðssyni hjá Vinnumálastofnun og að hann hafi bent á 9. gr. nýrrar reglugerðar sem heitir "Reglugerð um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistrygginakerfisins í vinnnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki" og dagsett er 9. janúar sl.

Þórólfur sagði frá því hvernig ferlið er ef ráða á fólk af atvinnuleysisskrá í vinnu í sérstök verkefni. Hann lagði til að í stað þess að leita beint til sveitarfélaganna myndi Breiðafjarðarnefnd leggja hugmyndina fyrir Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða, enda þær fjármagnaðar að hluta af sveitarfélögum. Síðan yrði málið unnið áfram með skrifstofum Vinnumálastofnunar á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Magnús sagði frá því að talað hafi verið um að ráðast í húsakönnun í Flatey en hann hafi komist að því að nú þegar hafi slík vinna farið fram á vegum Reykhólahrepps og Húsafriðunarnefndar. Ritari hefur fengið eintak af bæjar- og húsakönnun í Flatey sem unnin var af Guðmundi L. Hafsteinssyni og mun dreifa til nefndarmanna á næsta fundi.

Magnús stakk upp á því að ráðinn verði aðili til að koma fornleifaskráningum í Flatey í nútímalegt horf.

Þorleifur sagði frá því að Náttúrustofa Vestfjarða hafi nokkrum sinnum ráðið til sín starfsmenn með umræddum hætti, þ.e. með styrkjum frá Vinnumálastofnun á móti launum.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að senda erindi til Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða, með afriti til sveitarfélaganna við Breiðafjörð, og kynna fyrir þeim þessa nýju reglugerð og hugmyndir nefndarinnar. Þórólfur mun setja upp drög að bréfi og senda til ritara. Nefndin gerir ráð fyrir að kostnaður hennar vegna verkefnisins verði u.þ.b. 1200 þúsund krónur.

### **Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2008 - Drög**

Lögð voru fram drög að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar vegna ársins 2008. Í drögum er tafla með yfirliti yfir fjármál ekki tilbúin.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við texta starfsskýrslunnar.

## Önnur mál

### Verndaráætlun

Þorleifur lagði fram athugasemdir Náttúrustofu Vesturlands við drög að verndaráætlun og greindi frá því að athugasemdir Náttúrustofu Vestfjarða berist nefndinni fljótlega.

### Förgun á óreiðuskipum

Magnús lagði fram til kynningar svör umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum í óreiðu.

### Upplýsingaflæði til Breiðafjarðarnefndar

Nefndarmönnum fannst ekki gott að Breiðafjarðarnefnd fengi ekki sendar upplýsingar um rannsóknir og aðra vinnu sem verið er að vinna á verndarsvæðinu.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd mun skrifa þeim stofnunum sem vinna að rannsóknum og verkefnum á svæðinu erindi og óska eftir því að nefndin fái upplýsingar um þau verkefni sem unnin eru á svæðinu. Nauðsynlegt er að slíkt yfirlit sé aðgengilegt á heimasíðu nefndarinnar.

**Fundi var slitið kl. 16:30. Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 4. febrúar kl. 10:30 í Stykkishólmi. Sá fundur verður vinnufundur um verndaráætlun.**

## **97. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 4. febrúar 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson, varamaður Þorleifs Eiríkssonar, sem boðaði forföll vegna veikinda.

*Fundarritari:* Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

Áður en gengið var til dagskrár þar formaður upp tillögu að breytingu á boðaðri dagskrá þar sem erindi hafði borist frá Skipulagsstofnun. Gleymst hafði að senda Breiðafjarðarnefnd erindið á tilsettum tíma.

**Afgreiðsla:** Til að tefja ekki málið samþykktu nefndarmenn það sem dagskrárlið.

### **Dagskrá:**

#### **Fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa í Breiðafjarðarnefnd**

Lagt var fram afrit af bréfi Róbert Arnars Stefánssonar, fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofanna á Vesturlandi og Vestfjörðum í Breiðafjarðarnefnd, til umhverfisráðherra þar sem hann óskar eftir lausn frá störfum sem varamaður í nefndinni. Stofnanirnar tilnefna Trausta Baldursson sem varamann í stað Róberts.

**Afgreiðsla:** Formaður greindi frá því að leyfi hafi fengist fyrir því hjá Magnúsi Jóhannessyni ráðuneytisstjóra að Trausti Baldursson sitji þennan fund sem varamaður Þorleifs Eiríkssonar þó erindi Róberts hafi ekki hlotið formlega afgreiðslu hjá umhverfisráðuneytinu.

#### **Fundargerð 96. fundar**

Formaður las upp fundargerð 96. fundar.

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var samþykkt eftir að gerð var minniháttar breyting á bókun einnar afgreiðslu. Trausti sat hjá við afgreiðslu á breytingunni þar sem hann sat ekki 96. fund. Formaður þakkaði Þórólfi og Magnúsi fyrir vinnu varðandi undirbúning á atvinnuskapandi verkefnum á verndarsvæði Breiðafjarðar.

#### **Vegagerð á milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði**

Lagt var fram erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 2. febrúar 2009, þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um hvort fyrirhuguð vegagerð á milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði væri matsskyld. Nokkrar umræður fóru fram um málið.

Lagðar voru fram til kynningar umsagnir frá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þórólfur lagði fram tillögu að svarbréfi til Skipulagsstofnunar. Tillaga Þórólfs var rædd og gerðar á henni breytingar.

**Afgreiðsla:** Umsögn til Skipulagsstofnunar var samþykkt svohljóðandi:

Í 2. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar er verndarsvæði Breiðafjarðar afmarkað. Hluti umræddrar framkvæmdar er innan marka þess. Nánar er þar um að ræða þær veglínur sem þvera Mjóafjörð og Kjálkafjörð, bæði innri og ytri kostir og falla undir c lið 10. töluliðar 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Að mati Breiðafjarðarnefndar skulu þessir tilteknu hlutar framkvæmdarinnar háðir mati á umhverfisáhrifum vegna staðsetningar framkvæmdarinnar innan verndarsvæðis Breiðafjarðar og þess tilgangs laga um vernd Breiðafjarðar að stuðla að verndun Breiðafjarðar í þessu tilviki einkum lífríkis fjarðarins. Eðli framkvæmdarinnar er að mati Breiðafjarðarnefndar svipað þverunum annarra fjarða við Breiðafjörð sem hafa staðist mat á umhverfisáhrifum s.s. Kolgrafafjarðar, Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar, þó umfangið sé trúlega heldur minna.

Breiðafjarðarnefnd bendir á þann kost að skipta framkvæmdinni upp í áfanga, matsskylda og ómatsskylda.

### **Umsagnir um drög að Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð**

Lagðar voru fram eftirfarandi athugasemdir og þær ræddar á viðkomandi stað í texta verndaráætlunarinnar:

- a. Athugasemdir Grundarfjarðarbæjar, dags. 4. desember 2008*
- b. Athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 4. desember 2008*
- c. Athugasemdir Stykkishólmsbæjar, dags. 10. desember 2008*
- d. Umsögn Helgafellssveitar, dags. 8. desember 2008*
- e. Athugasemdir Náttúrustofu Vesturlands, dags. 14. janúar 2009*
- f. Umsögn Náttúrustofu Vestfjarða, dags. 2. febrúar 2009*

**Afgreiðsla:** Á næsta fundi verður fram haldið vinnu við yfirferð verndaráætlunar.

### **Önnur mál**

#### **Vinnufundur um menningarminjar, 17. til 18. apríl 2009**

Magnús sagði frá því að undirbúningsnefnd vegna vinnufundar um menningarminjar skipa Magnús A Sigurðsson, Svavar Sigmundsson og Ragnar Edvardsson.

Nú hafa 9 manns tilkynnt þátttöku en gert er ráð fyrir að 12-15 manns verði á vinnufundinum.

**Afgreiðsla:** Undirbúningsvinnu verður haldið áfram.

#### **Starfsskýrsla 2008**

Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar hefur verið samþykkt og verður afhent umhverfisráðherra á næstunni. Skýrslan verður gerð aðgengileg á heimasíðu nefndarinnar.

**Fundi var slitið kl. 16:30.**

**Næsti fundur ákveðinn 5. mars nk. kl. 10:30 í Stykkishólmi.**

## **98. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 4. mars 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson, varamaður Þorleifs Eiríkssonar, sem var forfallaður vegna veikinda.

*Fundarritari:* Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 97. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

### **Vinnufundur um rannsóknir á menningarminjum á verndarsvæði Breiðafjarðar 17. til 18. apríl 2009**

Magnús lagði fram drög að dagskrá vinnufundarins ásamt nafnalista yfir þá sem þegar hafa tilkynnt þátttöku.

**Afgreiðsla:** Magnús mun halda áfram undirbúningi og skipulagningu ásamt þeim Svavari Sigmundssyni og Ragnari Edvardssyni, sem einnig eru í undirbúningsnefndinni. Magnús mun senda út drög að dagskrá fundarins og þau verða jafnframt gerð aðgengileg á heimasíðu nefndarinnar.

### **Fjármál Breiðafjarðarnefndar**

Skv. fjárlögum 2009 hefur nefndin 8,4 milljónir til reksturs og ráðstöfunar á árinu 2009.

**Afgreiðsla:** Nefndarmenn ræddu stöðuna og munu reyna að halda ferðakostnaði í lágmarki. Frekari ákvarðanir um forgangsröðun verkefna verður tekin síðar.

### **Svarbréf vegna rannsókna og/eða verkefna á verndarsvæði Breiðafjarðar**

Lögð voru fram til kynningar svarbréf sem nefndinni hafa borist við fyrirspurn sem send var til ýmissa stofnana og einstaklinga um verkefni og rannsóknir sem verið er að vinna á verndarsvæði Breiðafjarðar.

- Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
- Húsafriðunarnefnd
- Landmælingar Íslands
- Náttúrustofa Vesturlands
- Náttúrustofa Vestfjarða
- Einar G Pétursson rannsóknaprófessor
- Landgræðsla ríkisins
- Landhelgisgæsla Íslands

**Afgreiðsla:** Nefndarmenn voru ánægðir með þau svör sem nefndinni hafa borist, en þau má finna á heimasíðu nefndarinnar [www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is) undir linknum **Fróðleikur**. Rætt var um að æskilegt væri að gera einn heildarlista yfir rannsóknir og verkefni á svæðinu sem nefndinni er kunnugt um þegar fleiri svör hafa borist og tími gefst til.

### **Atvinnuskapandi verkefni**

Lögð voru fram og rædd eftirfarandi bréf vegna atvinnuskapandi verkefna:

- svarbréf Náttúrustofu Vesturlands, dags. 5. febrúar 2009
- svarbréf Náttúrustofu Vestfjarða, dags. 10. febrúar 2009
- afrit af bréfi Stykkishólmsbæjar til atvinnumálanefndar bæjarins, dags. 19. febrúar 2009

Eftir síðasta fund var haft samband við sveitarstjóra Dalabyggðar og honum kynntar hugmyndir nefndarinnar um atvinnuskapandi verkefni. Lagður var fram úrdráttur úr fundargerð byggðarráðs Dalabyggðar sem haldinn var miðvikudaginn 11. febrúar 2009.

**Afgreiðsla:** Þórólfur og Sigurður munu hafa samband við Grím Atlason, sveitarstjóra í Dalabyggð til að koma af stað verkefni við að skrá örnefni á eyjum og strandlengju í Dalabyggð.

### **Styrking á vernd Breiðafjarðar**

Lagt var fram bréf frá bæjarstjórn Snæfellsbæjar, dags. 19. febrúar 2009, þar sem bent er á að það sé vel hugsanlegt að Sjávarransóknasetrið Vör í Snæfellsbæ geti tekið að sér verkefni vegna styrkingar á vernd Breiðafjarðar sem verktaki Breiðafjarðarnefndar.

**Afgreiðsla:** Vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu er þetta mál í biðstöðu. Breiðafjarðarnefnd fagnar þó áhuga Varar og bæjarstjórnar Snæfellsbæjar.

### **Tillaga að deiliskipulagi Grundarkamps í Grundarfirði**

Erindi Eyrbyggju – sögumiðstöðvar, dags. 9. febrúar 2009 var lagt fram.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd þakkar kynninguna og óskar eftir að fá deiliskipulagið sent til umsagnar þegar endanleg útfærsla verður tekin fyrir í umhverfisnefnd Grundarfjarðarbæjar.

### **Skilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Bent var á í fundargerð umhverfisnefndar Stykkishólmsbæjar frá 29. september sl. að setja ætti upp skilti þar sem bent er á að Breiðafjörður sé verndaður með lögum. Ákveðið var á 94. fundi Breiðafjarðarnefndar að taka málið upp og óska eftir samstarfi við Vegagerðina.

**Afgreiðsla:** Kolbrún mun kanna það hjá Vegagerð ríkisins hvort mögulegt sé að stofnunin standi fyrir uppsetningu á skiltum á ferjuhöfnum við Breiðafjörð, þ.e. í Stykkishólmi, á Stað, í Flatey og á Brjánslæk, þar sem verndarsvæði Breiðafjarðar er kynnt með einhverjum hætti.

### **Höfnin í Flatey**

Magnús kynnti erindi frá byggingafulltrúanum í Dalabyggð sem óskaði eftir umsögn nefndarinnar um endurbyggingu á kanti við höfnina í Flatey.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd óskar eftir að fá erindið sent formlega frá skipulags- og bygginganefnd Dalabyggðar og mun reyna að afgreiða það fljótlega.

### **Bygging sumarhúss í Rauðseyjum**

Magnús kynnti erindi frá byggingafulltrúanum í Dalabyggð sem óskaði eftir umsögn nefndarinnar að eigin byggingarleyfi fyrir sumarhúsi í Rauðsey.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd óskar eftir að fá erindið sent formlega og mun reyna að afgreiða það á næsta fundi.

**Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð verður rædd á eftir “Önnur mál”.**

## **Önnur mál**

### **Fundur með umhverfisráðherra**

Kolbrún og Guðríður sögðu frá fundi sem þær áttu nýlega með Kolbrúnu Halldórsdóttur umhverfisráðherra. Þær afhentu ráðherra starfsskýrslu nefndarinnar vegna ársins 2008.

Málefni Breiðafjarðarnefndar voru rædd og ráðherra bað nefndarmenn m.a. um að íhuga hvernig best sé staðið að verndun Breiðafjarðar til framtíðar.

Þá var reglugerð um náttúruvernd rædd og sagði ráðherra áhuga fyrir því að vinnu við hana verði hraðað.

### **EUROPARK**

Lagt var fram erindi Dan Bloomfield, sem barst í tölvupósti til nefndarinnar þann 25. febrúar sl. Í erindinu kynnir hann starfsemi EUROPARK samtakanna, sem er faglegt samstarf friðaðra svæða í Evrópu, en það eru 500 svæði í 39 löndum sem heyra undir þau. Þeir vilja gjarnan að fleiri íslenskir samstarfsaðilar taki þátt í samstarfinu og vilja kanna áhuga nefndarinnar á því.

**Afgreiðsla:** Nefndarmenn munu kynna sér málið nánar og ræða á næsta fundi.

### **Vegagerð á milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði**

Svarbréf barst frá Vegagerðinni til Skipulagsstofnunar um umsögn

Breiðafjarðarnefndar. Nefndinni gafst kostur á að svara Vegagerðinni og var málið afgreitt svohljóðandi þann 12. febrúar sl.:

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd ítrekar fyrri umsögn sína. Mat nefndarinnar er byggt á fyrirliggjandi gögnum og þeim viðmiðum sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, einkum um eðli og umfang framkvæmdarinnar og staðsetningu. Nefndin leit einkum til áhrifa af þverun fjarða á lífríki, landslag og jarðmyndanir í ljósi markmiða laga um vernd Breiðafjarðar.

Í svari Breiðafjarðarnefndar segir: „Breiðafjarðarnefnd bendir á þann kost að skipta framkvæmdinni upp í áfanga, matsskylda og ómatsskylda.” Nefndin vill ítreka að hér var einungis um ábendingu að ræða sem ekki hefur áhrif á niðurstöðu nefndarinnar. Áfangi verks er tæknilegt atriði sem varðar útboð; hvort einn eða fleiri vegkaflar eru í sama áfanganum er útfærsluatriði. Eðli máls samkvæmt krefst matsskyldur áfangi lengri undirbúnings, og almennt líður því lengri tími áður en hægt er að bjóða út matsskyldan áfanga heldur en ómatsskyldan.

### **Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar**

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að Breiðafjarðarnefnd fari í vettvangsferð þann 1. júlí nk. um suðureyjar á Breiðafirði.

-----

**Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð**

Haldið var áfram frá síðasta fundi yfirferð yfir texta verndaráætlunar og þær athugasemdir sem nefndinni hafa borist.

**Afgreiðsla:** Haldið verður áfram með yfirlestur verndaráætlunar á næsta fundi.

**Fundi var slitið kl. 16:00.**

**Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 2. apríl nk. kl. 10:30 í Stykkishólmi.**

## **99. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 2. apríl 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson, varamaður Þorleifs Eiríkssonar, sem var forfallaður vegna veikinda.

*Fundaritari:* Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 98. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Umsögn vegna framkvæmda í Flatey**

Lagt var fram erindi Boga Kristinssonar, byggingafulltrúa Dala- og A-Barðastrandarsýslu, dags. 10. mars 2009. Óskað er eftir umsögn nefndarinnar um fyrirhugaða framkvæmd í Flatey. Til stendur að stækka sjóvarnargarð og lagfæra skemmdir á brautinni sem liggur niður á bryggjunum í Flatey.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd og leggur áherslu á að öllu raski verið haldið í lágmarki við framkvæmdina.

#### **Umsögn vegna framkvæmda í Rauðseyjum á Breiðafirði**

Lagt var fram erindi Gríms Atlasonar, sveitarstjóra í Dalabyggð, varðandi framkvæmdir í Bæjarey í Rauðseyjum á Breiðafirði, dags. 10. mars 2009. Fyrirhugað er að byggja sumarhús í eyinni og er byggingarreiturnin staðsettur fyrir sunnan eldri húsgrunn þar sem íbúðarhús stóð áður.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða byggingu en telur æskilegt að staðsetja húsið á eldri húsgrunni.

#### **Athugasemdir við vinnubrögð og framsetningu á erindum Vegagerðarinnar**

Lögð voru fram drög að bréfi til vegamálastjóra. Í bréfinu koma fram athugasemdir nefndarinnar við vinnubrögð og framsetningu á erindum Vegagerðarinnar á Vestfjörðum.

**Afgreiðsla:** Drögin voru samþykkt með breytingum og verða send vegamálastjóra.

#### **Skilti við ferjubryggjur á Breiðafirði**

Formaður hafði fyrir fundinn samband við Björn Ólafsson forstöðumann hjá Vegagerðinni sem sagði Vegagerðina tilbúna til að sjá um lokahönnun og frágang á skiltum, þ.m.t. prentun og uppsetningu. Einnig hafði formaður samband við Halldór Jóhannsson hjá Teikn á lofti, sem verður leiðbeinandi við hönnun og útlit á umræddum skiltum. Í framhaldi af samtali formanns við fyrrgreinda aðila sendi nefndin bréf til Vegagerðarinnar þar sem óskað var formlega eftir því að sett verði upp skilti á ferjubryggjur við Breiðafjörð sem segja til um að svæðið njóti sérstakrar verndar skv. lögum ásamt fleiri gagnlegum upplýsingum.

Nefndarmenn ræddu uppsetningu skiltanna og helstu upplýsingar sem ættu að vera á þeim.

**Afgreiðsla:** Guðríður og Trausti munu vinna drög að texta skiltanna fyrir næsta fund. Ásgeir Gunnar mun setja upp á kortagrunn siglingaleiðir og fleira vegna breytinga á korti sem Sigurgeir Skúlason verður beðinn um að fullvinna.

## **EUROPARK**

Erindi Dan Bloomfield, sem barst í tölvupósti til nefndarinnar þann 25. febrúar sl. var lagt fram á 98. fundi. Nefndarmenn ákváðu að kynna sér málið nánar og ræða á þessum fundi.

Ritari sendi Dan fyrirspurn fyrir hönd nefndarinnar þann 25. mars sl. og óskaði eftir nánari upplýsingum um þann kostnað sem nefndin þyrfti að bera ef til samstarfs kæmi. Svar hafði ekki borist við fyrirspurninni fyrir fundinn.

**Afgreiðsla:** Málinu var frestað þar til nánari upplýsingar hafa borist.

## **Svarbréf vegna rannsókna og/eða verkefna á verndarsvæði Breiðafjarðar**

Bréfin voru lögð fram til kynningar.

- a. Hafrannsóknastofnunin, dags. 4. mars 2009
- b. Árnastofnun – Nafnasvið (Jónína Hafsteinsdóttir), tölvup. dags. 5. mars 2009

Trausti vakti athygli nefndarmanna á skýrslunni “Bottom Trawling and Scallop Dredging in the Arctic Impacts of fishing on non-target species, vulnerable habitats and cultural heritage.” Höfundar: Elena Guijarro Garcia (ed.), Stefán A. Ragnarsson, Sigmar A. Steingrímsson, Dag Nævestad, Haukur Þ. Haraldsson, Jan H. Fosså, Ole S. Tendal og Hrafnkell Eiríksson í samtstarfi við Unni Skúladóttur, Rikke Frandsen og Helle Siegstad.

Skýrsluna má sækja á slóðinni <http://norden.org/pub/miljo/miljo/sk/TN2006529.pdf>

## **Vinnufundur um menningarminjar**

Magnús sagði frá því að undirbúningur vegna vinnufundar um menningarminjar sé nú á lokastigi. Dagskrá liggur fyrir og er aðgengileg á heimasíðu nefndarinnar.

**Afgreiðsla:** Undirbúningi verður haldið áfram.

## **Atvínuskapandi verkefni**

Lagt var fram erindi Náttúrustofu Vestfjarða, dags. 26. mars sl. Í erindinu kemur fram að náttúrustofan hafi kannað möguleika á vinnuaðstöðu fyrir starfsmann eða starfsmenn sem ynnu að atvínuskapandi verkefnum á Breiðafirði. Möguleiki er á vinnuastöðu á nokkrum stöðum. Náttúrustofa Vestfjarða telur því ekkert því til fyrirstöðu að ráða fólk til starfa sé vilji fyrir því.

Ekki náðist í Grím Atlason sveitarstjóra Dalabyggðar fyrir fundinn eins og áætlað var.

Þórólfur vakti athygli nefndarmanna á því að skv. frétt á vef Morgunblaðsins þann 12. mars sl. er verið að kynna nýja kortasjá sem gerir starfsmönnum Landmælinga Íslands og örnefnasviðs stofnunar Árna Magnússonar kleift að greina örnefni og leiðrétt. Hugsanlega gæti þessi tækni nýst til að skrásetja örnefni á Breiðafirði eins og nefndin vill stuðla að að verði gert.

**Afgreiðsla:** Þórólfur mun ræða við Svavar Sigmundsson hjá örnefnasviði stofnunar Árna Magnússonar og fá nánari upplýsingar. Hann mun ræða við Grím Atlason eftir að hafa rætt við Svavar.

Ákveðið var á síðasta fundi að forgangsraða skráningunum þannig að fyrst verði unnið við skráningar í Dalabyggð. Nánari skilgreining á verkefninu og samningum er því frestað að svo stöddu.

## Önnur Mál

### **Lagningar vegar milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði**

Lagt var fram til kynningar afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Náttúrustofu Vestfjarða, dags. 30. mars 2009, þar sem kynnt er ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

### **Samningur um örnefnaskráningar**

Kynntur var tölvupóstur frá Guðrúnu Gísladóttur dósent þar sem hún tilkynnir um að lögfræðingur Háskólans sé tilbúinn að fara yfir samningsdrög vegna örnefnaskráninga með lögfræðingi á vegum nefndarinnar.

**Afgreiðsla:** Kolbrún mun hafa samband við Erlu S. Árnadóttur lögfræðing og óska eftir að hún fundi með lögfræðingi Háskólans fyrir hönd nefndarinnar og munu þær í sameiningu fullvinna samning milli Breiðafjarðarnefndar og Raunsvísindadeildar Háskóla Íslands.

### **Vettvangsferð**

Eiríkur lagði fram tillögu að ferðatilhögun í vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar þann 1. júlí nk. Lagt var til að haldið verði frá Skarðsstöð og þaðan farið í Hróteyjar og gengið á land. Siglt verði hjá Fagurey í Akureyjar og hugsanlega farið í land þar. Þá verði siglt hjá Ólafseyjum, Rúfeyjum, Hafnareyjum og Djúpeyjum og skoðað hvort hægt verði að fara í land í einhverri þeirra. Þá verði surtarbrandsnámur á Tindum skoðaðar.

**Afgreiðsla:** Ritari mun óska eftir tilboði frá Sæferðum í ofangreinda ferð.

### **Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð**

Haldið var áfram yfirferð yfir texta og athugasemdir verndaráætlunarinnar.

**Fundi var slitið kl. 16:00.**

**Næsti fundur ákveðinn 30. apríl nk. kl. 10:30 í Stykkishólmi.**

## **100. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 30. apríl 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson, varamaður Þorleifs Eiríkssonar, sem var forfallaður vegna veikinda.

*Fundaritari:* Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 99. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

### **Vinnufundur um menningarminjar**

Magnús kynnti niðurstöður frá vinnufundi sérfræðinga um menningarminjar sem haldinn var á Hótel Stykkishólmi dagana 17. og 18. apríl sl. fyrir tilstuðlan Breiðafjarðarnefndar.

**Afgreiðsla:** Magnús tók að sér að vinna skýrslu um niðurstöður fundarins sem hann mun skila til Breiðafjarðarnefndar.

### **Skilti við ferjubryggjur á Breiðafirði**

Trausti lagði fram drög að texta á skilti sem fyrirhugað er að setja upp á höfnunum í Stykkishólmi, í Flatey og á Brjánslæk.

Ásgeir Gunnar merkt siglingaleiðir og fleira inn á kort eins og talað var um á síðasta fundi, en telur varasamt að setja inn siglingaleiðir inn á kort skiltanna.

Ritari hefur fengið leyfi þeirra sem eiga ljósmyndir í bæklingum Breiðafjarðarnefndar fyrir því að myndir þeirra verði notaðar á skiltin gegn birtingarréttsgjaldi.

Farið var yfir myndir frá Breiðafirði og nokkrar valdar úr.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að hafa samband við Sigurgeir Skúlason og biðja hann um að fullvinna kort af Breiðafirði sem nota á á skiltin, en skerpa þarf þau svæði sem nefnd eru í textanum svo þau verði auðfinnanlegri á kortinu.

Formaður mun senda tillögu að texta og myndir til Halldórs Jóhannssonar hjá Teikn á lofti.

Í framhaldinu verður sótt um leyfi fyrir uppsetningu skiltanna hjá viðkomandi sveitarfélögum.

### **Samningur um örnefnaskráningar**

Formaður hafði samband við Erlu S. Árnadóttur lögfræðing eftir síðasta fund og óskaði eftir að hún fundi með lögfræðingi Háskólans og að þær í sameiningu fullvinni samning milli Breiðafjarðarnefndar og Raunvísindadeildar Háskóla Íslands.

Þórólfur sagði að Erla hafi í samtali við sig bent á að við vinnu eins og þá sem samningurinn fjallar um sé hyggilegt að óska eftir því að heimildarmenn gefi leyfi sitt fyrir því að heimildir þeirra verði gerðar opinberar.

**Afgreiðsla:** Lögfræðingarnir hafa ekki haft tæk á því að hittast enn sem komið er en verið er að vinna í málinu.

### **Atvinnuskapandi verkefni**

Þórólfur sagði frá því að Dalabyggð hafi sent umsókn til Vinnumálastofnunar vegna hugmynda nefndarinnar um atvinnuskapandi verkefni við örnefnaskráningu í Dalabyggð. Breiðafjarðarnefnd mun leggja 1.200 þús kr. til verkefnisins.

Lagt var fram til kynningar afrit af bréfi Vinnumálastofnunar til Dalabyggðar, dags. 22. apríl sl., þar sem fram kemur að Vinnumálastofnun hafi samþykkt umsókn Dalabyggðar um 2 störf í 5 mánuði vegna örnefnaskráninga.

**Afgreiðsla:** Samningur verður gerður við Dalabyggð um framlag nefndarinnar vegna örnefnaskráninganna.

### **Vettvangsferð**

Lagt var fram tilboð frá Sæferðum ehf. í vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar þann 1. júlí nk.

Sigurður lagði fram tillögu að breytingum á ferðatilhögun vegna sjávarfalla.

**Afgreiðsla:** Tillaga Sigurðar var samþykkt og mun ritari bara hana undir Pétur Ágústsson og óska eftir að hann setji upp breytt ferðaplan.

Ákveðið var að bjóða Svavari Sigmundssyni, Jónínu Hafsteinsdóttur og Óskari Leifi með í ferðina.

### **Tilkynning um umsókn um kræklingarækt**

Lögð var fram til kynningar tilkynning frá Umhverfisstofnun um umsókn Nesskeljar ehf. um starfskleyfi fyrir kræklingarækt í Hvammsfirði og Króksfirði. Stofnunin vinnur við tillögu að starfskleyfi fyrir starfseminu og mun leita álits nefndarinnar á tillögunni þegar hún liggur fyrir.

### **Önnur Mál**

#### **EUROPARK**

Erindi Dan Bloomfield, sem barst í tölvupósti til nefndarinnar þann 25. febrúar sl. var lagt fram á 98. fundi. Nefndarmenn vildu fá fram nánari kostnaðartölur áður en tekin væri afstaða til erindisins.

Ritari sendi Dan fyrirspurn fyrir hönd nefndarinnar þann 25. mars sl. og óskaði eftir nánari upplýsingum um þann kostnað sem nefndin þyrfti að bera ef til samstarfs kæmi. Svar barst þann 22. apríl sl.

**Afgreiðsla:** Guðríður mun hafa samband við Dan og óska eftir ýtarlegri upplýsingum.

**Fundi var slitið kl. 15:30.**

**Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 13. maí, til vara 20. maí nk. kl. 10:30 í Stykkishólmi.**

## **101. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. maí 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson, varamaður Þorleifs Eiríkssonar, sem var forfallaður vegna veikinda.

*Fundarritari:* Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 100. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

#### **Skilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Lögð var fram tillaga að skilti fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar ásamt nýrri endurskoðaðri útgáfu af kortinu af svæðinu.

Kolbrún greindi frá því að Vegagerðin muni setja skiltið upp vorið 2010. Breiðafjarðarnefnd gefst því tími til að kynna skiltið fyrir sveitarfélögunum þegar það liggur fyrir, en ákveðið hefur verið að setja það upp á hafnarsvæði Skykkishólms, Flateyjar og Brjánslækjar. Breiðafjarðarnefnd mun sjá um að sækja um tilskilin leyfi sem til þarf vegna uppsetningar skiltanna.

**Afgreiðsla:** Samþykkt var að gefa sveitarfélögum sem áhuga hafa kost á að kaupa skilti (plötuna) til að setja upp innan viðkomandi sveitarfélags. Breiðafjarðarnefnd samþykkti kortið með nokkrum athugasemdum og var Þórólfi falið að koma athugasemdum á framfæri við Sigurgeir Skúlason, kortagerðarmann.

Nefndarmönnum var falið að fara yfir texta skiltanna sem verður tekinn fyrir á næsta fundi. Þá munu nefndarmenn koma með fleiri myndir sem koma til greina á skiltið.

#### **Samningur um örnefnaskráningar**

Lögfræðingarnir Erla S. Árnadóttir og Sólveig Backman eru að yfirfara samning nefndarinnar og Háskóla Íslands. Kolbrún las upp athugasemdir frá Sólveigu Backman.

**Afgreiðsla:** Málið er áfram í vinnslu.

#### **Atvinnuskapandi verkefni**

Þórólfur las upp tölvuskeyti frá Óskari Leifi Arnarsyni þar sem hann segir frá stöðu verkefnisins. Óskar Leifur hefur þegar hafið störf en til stendur að Dalabyggð ráði annan aðila af atvinnuleysisskrá, helst heimamann til verkefnisins.

**Afgreiðsla:** Verkefnið er að mótast. Gengið verður frá samningi við Dalabyggð þegar búið er að ráða tvo starfsmenn til verkefnisins. Þórólfur mun gera uppkast að samningi.

## **Europark**

Guðríður sagði frá því að hún hafi haft samband við Dan Bloomfield varðandi hugsanlega þátttöku Breiðafjarðarnefndar í Europark (samtek/net verndarsvæða í Evrópu) og óskað eftir ítarlegum upplýsingum. Upplýsingar bárust frá Europark og voru þær kynntar nefndarmönnum.

**Afgreiðsla:** Formaður lagði til að nefndin gerðist ekki aðili að Europark að svo stöddu.

## **Fornleifaskráning í Stykkishólmi 1985 – Umsókn um styrk**

Lagt var fram erindi Guðmundar Ólafssonar fagstjóra fornleifa hjá Þjóðminjasafni Íslands, dags. 12. maí sl.

Í erindinu kemur fram að áhugi sé fyrir því að ráða fornleifafræðing sem er sérhæfður í tölvuteikningum í tímabundið verkefni við að koma teikningum úr fornleifaskráningu í Stykkishólmsbæ á rafrænt form, en til þess skorti fé. Óskað er eftir styrk frá Breiðafjarðarnefnd til að fjármagna verkefnið.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að veita umbeðinn styrk í verkefnið.

## **Önnur mál**

### **Kynningarbæklingar um Breiðafjörð**

**Afgreiðsla:** Ritari mun óska eftir tilboði frá Hjá Guðjón Ó um að endurprenta bæklingana *Fuglalíf* og *Breiðafjörður - Náttúra og saga*.

### **Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð**

*Farið var yfir texta og athugasemdir verndaráætlunarinnar.*

**Afgreiðsla:** Yfirferð verður haldið áfram á næsta fundi.

**Fundi var slitið kl. 16:00.**

**Næsti fundur ákveðinn 11. júní nk. kl. 10:30 í Stykkishólmi.**

## **102. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 8. júní 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson.

*Fundarritari:* Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 101. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

### **Umsögn um stjórnslukærur**

Erindi umhverfisráðuneytisins, dags. 25. maí 2009 var lagt fram og rætt. Með erindinu óskar ráðuneytið eftir umsögn nefndarinnar um tvær stjórnslukærur vegna vegarlagningar milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði, annars vegar frá Vegagerðinni, dags. 27. apríl 2009 og hins vegar frá Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi, dags. 28. apríl 2009.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd sér ekki að fram hafi komið ný gögn sem breytt geti fyrri niðurstöðu og ítrekar því afgreiðslur nefndarinnar í bréfum til Skiplagsstofnunar dags. 4. og 12. febrúar sl., þar sem m.a. er bent á þann kost að skipta framkvæmdinni upp í áfanga, matsskylda og ómatsskylda. Nefndin telur þennan möguleika enn vera fyrir hendi til þess að leysa úr því álitaefni sem hér er til meðferðar.

### **Önnur mál**

#### **Skilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Nefndarmönnum var falið að fara yfir texta skiltanna og velja myndir fyrir fundinn.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að fresta umræðu um skiltin þar til í haust þar sem það stendur ekki til að koma þeim upp fyrr en vorið 2010.

#### **Kynningarbæklingar**

Ritari sagði frá því að gengið hafi verið frá pöntun á bæklingunum „Fuglalíf á Breiðafirði“ og „Breiðafjörður – Náttúra og saga“. Prentuð verða 10 þúsund eintök af hvorum bæklingi á ensku og 5 þúsund á íslensku.

#### **Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð**

Yfirferð yfir texta og athugasemdir var haldið áfram.

Þeir nefndarmenn sem hafa tekið að sér að skrifa texta munu skila þeim sem fyrst. Nefndarmenn munu hver fyrir sig lesa yfir verndaráætlunina og vera tilbúnir með athugasemdir við næstu yfirferð.

**Fundi var slitið kl. 15:00. Næsti fundur verður haldinn 1. júlí 2009.**

### **103. fundur Breiðafjarðarnefndar, vettvangsferð, 1. júlí 2009.**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson.

*Fundarritari:* Sigríður E. Elisdóttir.

#### **Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar**

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð frá Skarðsstöð kl. 09.45. Siglt var út með Líney hjá Djúpeyjum, staldrað við hjá Fitjarey og Bæjarey í Hafnareyjum og síðan siglt vestur og norður fyrir eyjarnar að Trésey, síðan hjá Rúfeyjum inn Rúfeyjaröst að Rauðseyjum og inn á voginn. Gengið var í land í Bæjarey í Rauðseyjum.

Frá Rauðseyjum var siglt norðan Köngurseyjar og inn að Ólafseyjum þar sem gengið var á land í Bæjarey, gengið um eyjuna og snæddur hádegisverður.

Frá Ólafseyjum var siglt inn að Lat og að Hróteyjum og gengið þar á land. Þar naut ferðafólk heimatilbúinna veitinga frá Sigurði og Erlu í Innri Fragradal.

Frá Hróteyjum var siglt að Akureyjum og að lendingunni við Bæjarey þar sem hjónin Lilja Gunnarsdóttir og Birgir Bjarnason tóku á móti hópnum og buðu upp á veitingar. Frá Akureyjum var síðan siglt framhjá Ásmóðarey og í Skarðsstöð. Þar tóku Grímur Atlason sveitarstjóri og Halla Steinólfsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi á móti hópnum og var öllum boðið að smakka ýmsar kræsingar sem eru framleiddar í Dalabyggð.

Í Skarðsstöð var undirritaður samningur Breiðafjarðarnefndar og Dalabyggðar um skráningu og hnitsetningu örnefna og fornleifa. Að fundi loknum var farið með bílum að Tindum, þar sem skoðaðar voru surtarbrandsnámur undir leiðsögn Trausta Bjarnasonar bónda á Á. Í Skarðsstöð gafst formanni og varaformanni tækifæri til að afhenda ráðherra starfsskýrslu síðastliðins árs og kynna helstu málefni nefndarinnar. Í ferðinni naut hópurinn leiðsagnar Ásgeirs Gunnars Jónssonar og Sigurðar Þórólfssonar.

Gestir Breiðafjarðarnefndar í vettvangsferðinni voru meðal annarra Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Hafdís Gísladóttir aðstoðarmaður ráðherra, Jónína Hafsteinsdóttir, Svavar Sigmundsson og Óskar Leifur Arnarson.

**Næsti fundur verður haldinn í Stykkishólmi 12. ágúst nk. kl. 10:30.**

#### **104. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 12. ágúst 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson. Ásgeir Gunnar þurfti að víkja frá fundi kl 15:20.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson.

Formaður setti fund kl. 10:30.

#### **Fundargerð 102. og 103. fundar**

##### ***Afgreiðsla:***

Fundargerðirnar voru upplesnar og samþykktar.

#### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

A) Lagt var fram erindi Stykkishólmsbæjar, dags. 19. júní 2009, þar sem Breiðafjarðarnefnd er bent á að leita eftir samstarfi við hafnarstjórn varðandi uppsetningu skilta á hafnarsvæðinu og að útlit skilta við höfnina skuli vera samræmt og í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um útlit og staðsetningu auglýsingaskilta. B) Drög að texta upplýsingaskiltanna voru rædd ítarlega og gerðar á þeim breytingar.

##### ***Afgreiðsla:***

A) Breiðafjarðarnefnd mun sækja um tilskilin leyfi hjá hafnarstjórn Stykkishólmsbæjar þegar tillögur liggja fyrir. B) Nefndarmenn munu leita að myndum til að nota á skiltin. Ákveðið verður á næsta fundi hvaða myndir verða notaðar á skiltin.

#### **Skýrsla vegna vinnufundar um menningarminjar**

Magnús lagði fram skýrslu frá vinnufundi sérfræðinga um menningarminjar sem haldinn var 17.-18. apríl 2009. Magnús fór lauslega yfir skýrsluna með nefndarmönnum.

##### ***Afgreiðsla:***

Skýrslan verður gerð aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

#### **Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð**

Rætt var um áframhaldandi vinnu vegna verndaráætlunarinnar fyrir Breiðafjörð. Þá var rædd sú tillaga að skipuð verði ritstjórn sem hefði umsjón með lokafrágangi skýrslunnar.

##### ***Afgreiðsla:***

Nefndarmenn munu hver fyrir sig lesa yfir verndaráætlunina og vera tilbúnir með athugasemdir við næstu yfirferð.

## **Önnur mál**

### **Koma meistaranema til Breiðafjarðar**

Kolbrún kynnti tölvupóst frá Sigríði Ólafsdóttur, verkefnisstjóra við Háskólasetur Vestfjarða, dagsett 11. ágúst 2009. Ætlunin er sú að nemendur í meistaranámi í haf- og strandsvæðastjórnun komi og kynni sér verndarsvæði Breiðafjarðar. Einnig voru nokkrar spurningar lagðar fyrir nefndina.

### **Afgreiðsla:**

Formaður mun svara erindi Sigríðar og kynna störf nefndarinnar.

**Fundi var slitið kl. 15:40. Næsti fundur verður haldinn 9. september 2009.**

## **105. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. september 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson og Þorleifur Eiríksson. Magnús A. Sigurðsson forfallaðist vegna veikinda.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 104. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Erindi Margaret Cormack**

Margaret Cormack er að rannsaka kirkjusögu Íslands, með það fyrir augum að búa til rafrænan gagnagrunn og kort á internetinu sem myndi sýna allar kirkjur, bænahús, kristin örnefni og annað sem tengist menningu og gróðursögu landsins. Í sambandi við þá vinnu leitar hún eftir samstarfi við Breiðafjarðarnefnd.

#### **Afgreiðsla:**

Vísað verður á Fornleifavernd ríkisins, minjavörð Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson og minjavörð Vestfjarða, Ragnar Edvardsson.

#### **Kynningarbæklingur og bréf frá Alta**

Nefndarmenn kynntu sér bæklinginn „*Landupplýsingar, greining þeirra og framsetning*“.

#### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Farið var yfir myndasöfn og mögulegar myndir valdar á skiltið.

#### **Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð**

Áframhaldandi vinna vegna verndaráætlunar Breiðafjarðar var rædd.

#### **Afgreiðsla:**

Guðríður, Þórólfur og Trausti munu sjá um að fara nánar yfir athugasemdir og texta.

#### **Önnur mál**

##### **Meistararnemar við Háskólasetur Vestfjarða**

*Meistarnemar frá Háskólastræt Vestfjarða ásamt kennara sínum Brad Barr komu í heimsókn á Snæfellsnes í lok ágúst.* Kolbrún hitti hópinn og kynnti störf Breiðafjarðarnefndar.

#### **Ráðstefna Háskólaseturs Vestfjarða**

Þorleifur sagði frá ráðstefnu/málþingi Háskólaseturs Vestfjarða og benti sérstaklega á erindi Skipulagsstofnunar um skipulag strandsvæða og Umhverfisstofnunar um vatnatilskipunina.

**Aðalskipulag Helgafellsveitar**

Kolbrún mun óska eftir rafrænni útgáfu af aðalskipulaginu og senda það á nefndarmenn.

Erindið verður tekið fyrir á næsta fundi.

**Fundi var slitið kl. 14:00. Næsti fundur verður haldinn 14. október 2009.**

## **106. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. október 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 105. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Erindi Viktoríu Ránar Ólafsdóttur**

Fyrirspurn varðandi leyfi til að setja upp tjaldsvæði nálægt Staðarhöfn í Reykhólahreppi.

#### **Afgreiðsla:**

Viðkomandi verður bent á að beina erindinu til byggingafulltrúa Reykhólahrepps sem eftir atvikum leitar umsagnar Breiðafjarðarnefndar.

#### **Aðalskipulag Helgafellsveitar**

Sent nefndinni til umsagnar.

#### **Afgreiðsla**

Farið var yfir aðalskipulag Helgafellsveitar og skráðar niður athugasemdir.

#### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Farið yfir myndasafn.

#### **Afgreiðsla**

Kolbrún, Ásgeir Gunnar og Pálmi munu sjá um að velja myndir á skiltið úr því myndasafni sem komið er. Tillögur eiga að liggja fyrir næsta fundi.

#### **Fjárframlag ríkisins til nefndarinnar fyrir árið 2010**

Miðað við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2010 verður fjárframlag til Breiðafjarðarnefndar lækkað um 10%.

#### **Umsögn vegna framkvæmda í Flatey**

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við smábátahöfn í Innstapólli í Hólsbúðarvogi í Flatey.

#### **Afgreiðsla**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við þessa framkvæmd með þeim fyrirvara að hægt verði að nýta það grjót sem til fellur vegna framkvæmdarinnar. Ef opna þarf grjótnámur annars staðar á verndarsvæðinu, þarf að leggja það mál sérstaklega fyrir nefndina.

## Önnur mál

### **Fundir um örnefni og örnefnasöfnun**

Kolbrún kynnti fyrir nefndinni fundi sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stóð fyrir í samvinnu við Félag eldri borgara í Borgarfjarðardölum, Félag eldri borgara í Snæfellsbæ og Menningarráð Vesturlands. Fundirnir voru haldnir í Ólafsvík og Reykholti.

Sigurður sagði einnig frá fundinum sem hann sótti í Reykholt þar sem kynnt var hugmynd um að kanna hvort hægt verði að ráða starfsmann til að vinna að söfnun örnefna í samvinnu við Félag eldri borgara í bæjarfélögunum.

### **Bréf frá Sverri Jakobssyni**

Lagt fram til kynningar erindi Sverris varðandi ritun á sögu Breiðafjarðar. Erindið verður tekið fyrir á næsta fundi.

### **Náttúrustofuþing og Umhverfisþing**

Guðríður kynnti lauslega fyrir nefndinni tvær skýrslur sem hún fékk á Umhverfisþingi dagsett 9. október 2009. Fyrri heitir „Umhverfi og auðlindir“ og seinni „Velferð til framtíðar“. Guðríður sagði einnig frá Náttúrustofuþingi sem hún sótti, sem var haldið þann 8. október 2009 í Sandgerði. Þorleifur og Pálmi voru einnig á þinginu.

**Fundi var slitið kl. 14:20. Næsti fundur verður haldinn 19. nóvember 2009.**

### **107. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 19. nóvember 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Agnes Stefánsdóttir, varamaður Magnúsar A. Sigurðssonar.

**Forföll:** Kolbrún Reynisdóttir, formaður og Magnús A. Sigurðsson

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Varaformaður setti fund kl. 10:30.

#### **Fundargerð 106. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Umsókn Sverris Jakobssonar**

Sverrir er að vinna að ritun á sögu Breiðafjarðar og sækir um áframhaldandi styrkveitingu fyrir verkefnið.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að styrkja verkefnið fyrir árið 2009.

#### **Beiðni um umsögn vegna framkvæmda í Emburhöfða Hvammsfirði**

Fram kemur að umrædd hús eru þegar byggð.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gagnrýnir að hús séu byggð í eyjum á verndarsvæðinu án tilskilinnar leyfa og að slík hús séu skráð í Fasteignaskrá Íslands. Ekki er hægt að taka afstöðu til beiðninnar að öðru leyti fyrr en fyrir liggja upplýsingar um náttúruminjar og fornleifar.

#### **Beiðni Orkustofnunar um umsögn um umsókn Sjávarorku ehf. um rannsóknarleyfi í Hvammsfirði**

Orkustofnun sækist eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um umsókn um rannsóknarleyfi fyrir Sjávarorku ehf. vegna sjávarfallavirkjunar í Hvammsfirði á Breiðafirði.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd mælir með því að Sjávarorku ehf. verði veitt umbeðið rannsóknaleyfi.

#### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Farið var yfir myndirnar sem valdar hafa verið fyrir skiltið. Endanleg tillaga liggur ekki fyrir.

#### **Staða fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009**

Farið var yfir stöðu fjárhagsáætlunar.

## **Önnur mál**

### **Fundur Breiðafjarðarnefndar í desember**

Ákveðið var að fundurinn verði haldinn 9. desember í Stykkishólmi.

### **Fyrirspurn frá Gunni Salbjörgu Friðriksdóttur um krossa á breiðfirskum seglbátum/skipum.**

Vísað verður á Aðalstein Valdimarsson, skipasmið á Reykhólum.

### **Selatalning á Breiðafirði**

Ásgeir Gunnar sagði frá selatalningu sem fram fór á haustdögum, sem gefur til kynna að stofninn sé í jafnvægi á sunnan- og austanverðu svæðinu

### **Umhverfissvottun Íslands**

Þorleifur lagði fram skýrsluna „Umhverfissvottun Íslands“ til kynningar. Skýrslan verður tekin fyrir á næsta fundi.

**Fundi var slitið kl. 13:30. Næsti fundur verður haldinn 9. desember 2009.**

## **108. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. desember 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 107. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

### **Samningur við Raunvísindadeild Háskóla Íslands um örnefnaskráningar**

Farið var yfir drög að samningi og greint frá stöðu málsins.

#### **Afgreiðsla:**

Óskað verður eftir fundi með Guðrúnu Gísladóttur, Háskóla Íslands, til að ræða nánar einstök atriði sem fram koma í drögum samningsins.

### **Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Farið var yfir texta og myndir. Textinn er tilbúinn og verður sendur til yfirlestrar en við nánari athugun kom í ljós að það vantar myndir af gróðri og sel. Leitað verður til Daníels Bergmanns.

### **Umhverfissvottun Íslands**

Skýrslan verður tekin fyrir á næsta fundi.

### **Önnur mál**

Ákveðið var að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um áframhaldandi vinnu við skráningu örnefna og fornminja í Dalabyggð.

**Fundi var slitið kl. 16:10. Næsti fundur verður haldinn 7. janúar 2010.**

***Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2009***

***Innsend erindi 2009***

14. janúar 2009. Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.  
Efni: Athugasemdir við drög að verndaráætlun fyrir Breiðafjörð
14. janúar 2009. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða.  
Efni: Athugasemdir Náttúrustofu Vestfjarða við Verndaráætlun Breiðafjarðar.
22. janúar 2009. Sigrún Jónsdóttir, deildarstjóri félags- og mannvísindadeild.  
Efni: Námsbraut í þjóðfræði vill sitja fund sérfræðinga á sviði menningarminja 17.-18. apríl nk.
30. janúar 2009. Landmælingar Íslands.  
Efni: Upplýsingar um verkefni á verndarsvæði Breiðafjarðar
2. febrúar 2009. Sigmar Arnar Steingrímsson  
Efni: Vegagerð á milli Eiðis í Vattarfirði og Þvérár í Kjálkafirði
2. febrúar 2009. Nikulás Úlfar Másson, forstöðumaður Húsafriðunarnefndar.  
Efni: Upplýsingar um rannsóknir og aðra vinnu sem fram fer á verndarsvæði Breiðafjarðar.
4. febrúar 2009. Valdimar Tr. Hafstein, lektor og námsbrautarstjóri í þjóðfræði.  
Efni: Upplýsingar um rannsóknir og aðra vinnu sem fram fer á verndarsvæði Breiðafjarðar.
5. febrúar 2009. Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.  
Efni: Upplýsingar um rannsóknir og aðra vinnu sem fram fer á verndarsvæði Breiðafjarðar.
5. febrúar 2009. Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.  
Efni: Atvinnuskapandi verkefni við Breiðafjörð
9. febrúar 2009. Eyrbyggja – sögumiðstöð.  
Efni: Umsögn vegna deiliskipulags á uppbyggingu Sögugarðs á Grundakampi
10. febrúar 2009. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða.  
Efni: Atvinnuskapandi verkefni við Breiðafjörð
10. febrúar 2009. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða.  
Efni: Upplýsingar um rannsóknir og aðra vinnu sem fram fer á verndarsvæði Breiðafjarðar.

11. febrúar 2009. Einar G. Pétursson, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Efni: Fundur sérfræðinga um menningarminjar. (Tölvupóstur).

11. febrúar 2009. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða.

Efni: Framkvæmdin: Vegagerð á milli Eiðis í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði

11. febrúar 2009. Guðmundur Halldórsson, rannsóknastjóri Landgræðslu ríkisins.

Efni: Upplýsingar um rannsóknir og aðra vinnu sem fram fer á verndarsvæði Breiðafjarðar.

18. febrúar 2009. Hilmar Helgason, framkvæmdarstjóri sjómælingasviðs.

Efni: Upplýsingar um rannsóknir og aðra vinnu sem fram fer á verndarsvæði Breiðafjarðar.

19. febrúar 2009. Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar.

Efni: Afrit af bréfi NSV til Breiðafjarðarnefndar, dags. 05.02.2009 varðandi atvinnuskapandi verkefni við Breiðafjörð

19. febrúar 2009. Snæfellsbær.

Efni: Styrking á vernd Breiðafjarðar

25. febrúar 2009. Dan Bloomfield.

Efni: Europark

4. mars 2009. Bogi Kristinsson Magnúsen, skipulags- og byggingafulltrúi Dala- og A-Barðastrandasýslu, Árneshrepps Strandasýslu.

Efni: Umsögn vegna framkvæmda í Rauðseyjum og Flatey

4. mars 2009. Hafrannsóknastofnunin.

Efni: Rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar á verndarsvæði Breiðafjarðar

10. mars 2009. Dalabyggð

Efni: Umsögn vegna framkvæmda í Rauðseyjum og Flatey

10. mars 2009. Bogi Kristinsson Magnúsen, skipulags- og byggingafulltrúi Dala- og A-Barðastrandasýslu, Árneshrepps Strandasýslu.

Efni: Umsögn vegna framkvæmda í Rauðseyjum og Flatey

26. mars 2009. Náttúrustofa Vestfjarða.

Efni: Atvinnuskapandi verkefni við Breiðafjörð

17. apríl 2009. Umhverfisstofnun.

Efni: Tilkynning um málsókn um kræklingarækt í Hvammsfirði og Króksfirði

25. maí 2009. Umhverfissráðuneytið.

Efni: Umsögn vegna stjórnarsýslukæru um vegalagningu milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði.

19. júní 2009. Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar.  
Efni: Fundargerð Breiðafjarðarnefndar

23. ágúst 2009. Margaret Jean Cormack.  
Efni: Hnit úr Breiðafirði

24. ágúst 2009. Alta.  
Efni: Skýrslan, *Landupplýsingar, greining þeirra og framsetning*

25. ágúst 2009. Háskólasetur Vestfjarða.  
Efni: Málþing um skipulag og stjórnun strandsvæða

4. september 2009. Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellsveit.  
Efni: Aðalskipulag Helgafellsveitar

14. september 2009. Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi Dala- og A-Barðastrandasýslu, Árneshrepps Strandasýslu.  
Efni: Umsögn vegna framkvæmda í Emburhöfða Hvammsfirði

7. október 2009. Viktoría Rán Ólafsdóttir.  
Efni: Tjaldsvæði við Staðarhöfn Reykhólasveitar

12. október 2009. Sverrir Jakobsson.  
Efni: Varðandi styrk árið 2010 vegna skráningu á sögu Breiðafjarðarnefndar

14. október 2009. Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi Dala- og A-Barðastrandasýslu, Árneshrepps Strandasýslu.  
Efni: Umsögn vegna framkvæmda í Flatey

26. október 2009. Orkustofnun.  
Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Sjávarorku ehf. um rannsóknarleyfi í Hvammsfirði á Breiðafirði vegna sjávarfallavirkjunar

23. nóvember 2009. Orkustofnun.  
Efni: Ítrekun á beiðni um umsögn um umsókn Sjávarorku ehf. um rannsóknarleyfi í Hvammsfirði á Breiðafirði vegna sjávarfallavirkjunar

## **Útsend erindi 2009**

*15. janúar 2009.* Umhverfísráðuneytið.

Efni: Umsókn um þóknun vegna nefndarsetu 2008.

*20. janúar 2009.* Ýmsir aðilar sem annast rannsóknir á verndarsvæðinu.

Efni: Upplýsingar um rannsóknir og aðra vinnu sem fram fer á verndarsvæði Breiðafjarðar.

*20. janúar 2009.* Snæfellsbær.

Efni: Styrking á vernd Breiðafjarðar

*22. janúar 2009.* Náttúrustofa Vesturlands og Náttúrustofa Vestfjarða.

Efni: Atvinnuskapandi verkefni við Breiðafjörð

*2. febrúar 2009.* Umhverfísráðherra

Efni: Fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa í Breiðafjarðarnefnd.

*12. febrúar 2009.* Skipulagsstofnun

Efni: Framkvæmdin: Vegagerð á milli Eiðis í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði

*16. mars 2009.* Vegagerð ríkisins

Efni: Skilti við ferjubryggjur

*17. mars 2009.* Eyrbyggja – sögumiðstöð.

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Grundarkamp

*2. apríl 2009.* Vegamálastjóri.

Efni: Athugasemdir við vinnubrögð og framsetningu á erindum Vegagerðarinnar

*20 maí 2009.* Guðmundur Ólafsson, fagstjóri fornleifa Þjóðminjasafni Íslands.

Efni: Umsókn um styrk vegna úrvinnslu á fornleifaskráningu í Stykkishólmi 1985. (Tölvupóstur)

*8. júní 2009.* Umhverfísráðuneytið.

Efni: Stjórnsýslukætur vegna vegarlagningar milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði

*19. október 2009.* Margaret Jean Cormack

Efni: Hnit úr Breiðafirði

*16. október 2009.* Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellsveit.

Efni: Umsögn vegna aðalskipulags Helgafellsveitar 2008-2020

*16. október 2009.* Byggingarfulltrúi Reykhólahrepps

Efni: Umsögn vegna smábátahafnar í Innstapólli við Hólsbúðarvog í Flatey.

*19. október 2009. Viktoría Rán Ólafsdóttir.*

Efni: Tjaldsvæði við Staðarhöfn Reykhólasveitar

23. nóvember 2009. Orkustofnun.

Efni: Beiðni um sögn um umsókn Sjávarorku ehf. um rannsóknarleyfi í Hvammsfirði vegna sjávarfallavirkjunar.

3. desember 2009. Bogi Kristinsson Magnusen.

Efni: Umsögn vegna framkvæmda í Emburhöfða Hvammsfirði

***Skýrslur og bæklingar***

Breiðafjarðarnefnd eða einstakir nefndarmenn hafa gefið út eða óskað eftir að eftirfarandi skýrslur og bæklingar verði unnar vegna verndar Breiðafjarðar:

1995. Ævar Petersen og Guðmundur A. Guðmundsson. Breiðafjörður West Iceland A Marine Conservation Area, WWF Arctic Bulletin, 3, 20 bls.

1998. Ævar Petersen, Guðríður Þorvarðardóttir, J. Pagnan & Sigmundur Einarsson  
1998. Breiðafjörður: West-Iceland. An Arctic marine protected area. Parks 8(2): 23-28.

1999. Guðríður Þorvarðardóttir. Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004. Breiðafjarðarnefnd, 92 bls.

2004. Benedikt Eypórsson tók saman. Útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2004. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Breiðafjörður – Náttúra og saga”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2005. Gunnar Þór Hallgrímsson og Ævar Petersen. Stöðuskýrsla um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2006. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Fuglalíf á Breiðafirði”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2007. Guðrún Gísladóttir og Hjördís Linda Jónsdóttir. Örnefni í sjó á Breiðafirði. Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Breiðafjarðarnefnd, 25 bls.

2007. Ritstj. Róbert Arnar Stefánsson, Menja von Schmalensee og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Rannsóknir og vöktun á náttúru Breiðafjarðar – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi, 12. – 13. september 2007. Breiðafjarðarnefnd, 22 bls.

2009. Ritstj. Magnús A. Sigurðsson, Ragnar Edvardsson og Svavar Sigmundsson. Menningarminjar á Breiðafirði – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi 17. – 18. apríl 2009. Breiðafjarðarnefnd, 17 bls.

Ofangreindar skýrslur og bæklinga er hægt að nálgast á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar á slóðinni <http://breidafjordur.is/Utgafa/index.htm>

# Menningarminjar á Breiðafirði

Eftirfarandi sérfræðingar sátu fundinn og komu að gerð áætlunarinnar:

Albína Hulda Pálsdóttir, Íslenskar fornleifarannsóknir ehf.

Aldís Sigurðardóttir, Norska húsið í Stykkishólmi

Ágúst Ólafur Georgsson, Þjóðminjasafn Íslands

Árni Björnsson, þjóðháttufræðingur

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan

Böðvar Þórisson, Náttúrustofa Vestfjarða

Einar G. Pétursson, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Garðar Guðmundsson, Fornleifafélag Dala- og Barðastrandar og Fornleifastofnun

Guðlaug Vilbogadóttir, Húsafriðunarnefnd

Hafdís Sturlaugsdóttir, Náttúrustofa Vestfjarða

Jón Þór Pétursson, Háskóli Íslands – þjóðfræði

Magnús A Sigurðsson, Minjavörður Vesturlands

Margrét Hallmundsdóttir, Náttúrustofa Vestfjarða

Óskar Leifur Arnarsson, fornleifafræðingur

Ragnar Edvardsson, Minjavörður Vestfjarða

Sólborg Una Pálsdóttir, Fornleifavernd ríkisins

Svavar Sigmundsson, Stofnun Árna Magnússonar – örnefnasafn

Uggi Ævarsson, Fornleifafélag Dala- og Barðastrandar og Fornleifastofnun

Þór Magnússon, Þjóðminjasafn Íslands

Ritstjórn:

Magnús A Sigurðsson, Ragnar Edvardsson, og Svavar Sigmundsson

Útgefandi:

Breiðafjarðarnefnd

Efnisyfirlit	
SAMANTEKT	49
1. INNGANGUR	49
1.1. VERNDARSTAÐA	50
Verndarsvæði Breiðafjarðar	50
Friðanir	50
Ógnir	50
1.2. FORSAGA SÉRFRÆÐINGAFUNDARINS	51
1.3. MARKMIÐ	51
2. RANNSÓKNARÁÆTLUN	51
2.1. UNDIRSTÖÐUVERKEFNI	51
2.2. SÉRTÆKAR RANNSÓKNIR	52
2.3. SAMANTEKT ÆKKINGAR	53
Búið að gera	55
3. LOKAORÐ	56
ÞAKKIR	56
VIÐAUKI	57
Dagskrá vinnufundar	57
Uppkast að reglugerð um menningarminjar	15

## Samantekt

Breiðafjörður er mjög merkilegt menningarsvæði þar sem er að finna fjölbreyttar minjar um sjósókn og atvinnuhætti, allt aftur til landnáms, og þá sérstaklega minjar um hinn sérstaka hlunnindabúskap eyjaskeggja. Hér er fjallað um afrakstur tveggja daga fundar, sem haldinn var í Stykkishólmi dagana 17. og 18. apríl 2009. Þar komu saman 19 sérfræðingar um menningarminjar til að ræða stöðu þekkingar og leggja línur um æskilegar rannsóknir. Bæta þarf verulega þekkingu á grundvallarþáttum og auka skráningu á menningarminjum Breiðafjarðar. Niðurstaða fundarins var því að leggja til að ráðist verði í tvö viðamikil undirstöðuverkefni sem allra fyrst. Annað þeirra felur í sér skráningu á húsakosti í eyjunum, fjölda og aldri. Hitt felur í sér að skrá fornleifar og örnefni í eyjunum. Fornleifaskráning er hafin umhverfis fjörðinn en gera þarf átak í að skrá minjar í eyjum. Fjallað er um fleiri verkefni og er þeim forgangsraðað. Áhersla er lögð á að stórefla grunnrannsóknir á Breiðafirði, því erfitt er að gera áætlanir ef ekki er vitað um eðli og umfang minja á svæðinu.

## 1. Inngangur

Samkvæmt 1. grein laga um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, er tilgangur þeirra að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Samkvæmt 5. grein skal menntamálaráðherra setja, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og að fenginni umsögn þjóðminjaráðs [Fornleifaverndar ríkisins] og Húsafríðunarnefndar ríkisins eftir því sem við á, reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á svæðinu, þar á meðal byggðarheildar gamalla húsa í Flatey og vernd sjóminja.

Menningarminjar Breiðafjarðar hafa lengi verið álitnar sérstakar og má því til stuðnings benda á nokkrar staðreyndir:

- a) Hvergi við Ísland er að finna viðlíka fjölda eyja, hólma og skerja, sem telja hátt á 3. þúsund.
- b) Meiri sjávarföll og fallastraumar en annars staðar við Ísland.
- c) Aðstæður hafa gert siglingar og samgöngur flóknar svo sérstakt báts- og siglingarlag hefur þróast við Breiðafjörðinn.
- d) Hvergi á landinu hefur verið stundaður eins fjölbreyttur búskapur.
- e) Um tíma voru sumar af stærstu verstöðvum landsins á Breiðafirði, þ.e. Oddbjarnarsker og Bjarneyjar.
- f) Í Flatey var ein helsta menningarmiðstöð landsins. Þar var fyrsta bókahlaða landsins reist 1864.

Þrátt fyrir þessa sérstöðu hefur lítið verið um rannsóknir á menningarminjum á Breiðafirði. Frekari rannsóknir eru forsenda frekari verndunar. Sú vitneskja sem fæst með rannsóknum á Breiðafirði mun einnig nýtast víðar.

## 1.1. Verndarstaða

### *Verndarsvæði Breiðafjarðar*

Verndarsvæði Breiðafjarðar nær yfir allar eyjar og fjörur á Breiðafirði og afmarkast í vestri af línu dreginni „frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Staglei og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu“. Á meginlandi liggja mörk verndarsvæðisins við yfirborð stórstraumsflóðs en til sjávar eru mörkin óljósari. Svo virðist sem vatnsbolurinn sjálfur og hafsbotninn neðan fjöru njóti engrar sérstakrar verndar. Erfitt og jafnvel ómögulegt er að setja landfræðileg mörk á minjasvæði, sérstaklega þegar útvegsmínjar eiga í hlut, þar sem sterk tengsl eru oft á milli minjasvæða.

### *Friðanir*

Erfitt er að meta hvaða friðlýstar mínjar eru á verndarsvæðinu þar sem skilgreining verndarsvæðisins er ekki alveg á hreinu. 9 friðlýstar mínjar eru í eyjunum, á 3 jörðum eða eyjum. Það eru:

- **Flatey.** a. *Hin forna Klausturtóft, sem er efst og austast í Flateyjartúni.* b. *Ólafarakur, er svo heitir, stór girðing, austast á eyinni; kenndur við Ólöfu ríku.* c. *Silfurgarður, hlaðinn hafnargarður við gömlu höfnina.*
- **Hergilsey.** a. *Hin forna Ingjaldsbæjarrúst; hún er að nokkru leyti að baki núverandi bæ.* b. *Ingjaldsbyrgi, er svo heitir; það er við hæð eina fyrir sunnan bæinn.* c. *"Fíflsgerði", svo nefnt, skammt frá Vaðsteinabergi.*
- **Svefneyjar.** a. *Forn girðing, er liggur í útsuður frá hóli í túninu, er Þinghóll heitir.* b. *Akrar, svo nefndir, allstórt svæði suður frá túninu, við veginn.* c. *Saltgrafir, sem svo heita, norðvestur frá bænum, við sjóinn.*

6 friðaðar byggingar eru á verndarsvæði Breiðafjarðar:

- Bókhlaðan, Flatey, byggð 1864.
- Félagshús, Flatey, byggt 1833-1840.
- Klausturhólar, Flatey, byggðir 1901.
- Grímshjallur, Brokey, talinn reistur í byrjun 18. aldar.
- Ranakofi, Svefneyjum, talinn endurreistur eftir daga Eggerts Ólafssonar (d. 1768).
- Skemma úr torfi, Öxney, fornt bænhús að stofni til (fyrrri hluti 13. aldar a.m.k.).

### *Ógnir*

Á sérfræðingafundinum var stuttlega rætt um það hvað gæti helst ógnað menningarminjum Breiðafjarðar. Eftirfarandi þættir voru taldir mikilvægastir:

- Aukin ásókn í byggingu sumarhúsa.
- Gróðurfarsbreytingar í kjölfar þess að beit var hætt, hvönn tekur yfir!
- Þar sem beit er hætt er gróður farinn að fela rústir:
  - Hvönn í eyjum.
  - Kjarr og skógrækt á landi.
- Landbrot, einsog t.d. í Oddbjarnarskeri.
- Vegagerð, byggingarframkvæmdir.

## **1.2. Forsaga sérfræðingafundarins**

Breiðafjarðarnefnd ákvað árið 2007 að láta vinna rannsókn- og vöktunaráætlun fyrir Breiðafjörð til að fá mat sérfræðinga á því hvaða þætti helst þyrfti að rannsaka frekar í náttúru Breiðafjarðar. Unnin var rannsókn- og vöktunaráætlun fyrir Breiðafjörð á sviði náttúruvannsóknna. Var hún unnin af sérfræðingum í vistfræði Breiðafjarðar og öðrum sem lagt gátu málinu lið.

Síðar var ákveðið að gera svipaða rannsóknaráætlun fyrir menningarminjar. Stofnaður var undirbúningshópur með fulltrúum Fornleifaverndar ríkisins og örnefnasafns Stofnunar Árna Magnússonar. Undirbúningshópurinn fundaði í byrjun árs 2009 og lagði drög að skipulagningu vinnufundar í apríl 2009. Fundurinn er einkum hugsaður sem vinnufundur þar sem sérfræðingar koma sér saman um lykilatriði í skráningu og rannsóknum við Breiðafjörð.

## **1.3. Markmið**

Meginmarkmið fundarins var að leggja drög að áætlun um brýnar menningarminjarannsóknir á Breiðafirði sem ætlað yrði að auka skilning á eðli og umfangi menningarminja á Breiðafirði.

## **2. Rannsóknáætlun**

Skipta má rannsóknaverkefnum varðandi Breiðafjörð í þrjá meginþætti: (1) undirstöðu-verkefni, til að meta eðli og umfang minja á svæðinu, (2) sértækar rannsóknir og (3) samantekt þekkingar. Verkefnin sem hér eru rakin eru misjafnlega umfangsmikil og sum þeirra skarast.

### **2.1. Undirstöðuverkefni**

Það eru vissar rannsóknir sem kalla má frumrannsóknir, þ.e. undirstöðurrannsóknir sem þarf að framkvæma áður en farið er útí áætlanagerð. Helstu frumrannsóknir eru:

- Örnefnaskráning.
- Fornleifaskráning.
- Húsakannanir.
- Þjóðháttaannsóknir.
- Heimildalistar.
- Ljósmyndun.

Til eru húsakannanir um Flatey frá 2007 og Stykkishólm frá 1985. Fornleifaskráningar eru til um Eyrarsveitina frá 2004, Stykkishólm frá 1987, og bráðabirgðaskráning fyrir Flatey frá 1990. Einnig hefur Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna staðið fyrir fornleifaskráningu í Öxney, Hergilsey og Akureyjum.

Varðandi heimildalista þá stóð Breiðafjarðarnefnd fyrir því að láta taka saman heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins, og er sú skýrsla aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar [www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is).

Ljósmynda þyrfti hús, rústir, og menningarlandslag í eyjum og við ströndina, til að skrásetja og afla þekkingar um hvernig þetta lítur út í dag. Skarast við húsakönnun og fornleifaskráningu, gæti unnist samhliða að hluta til. Gæti verið áhugavert að taka myndir af öllum bæjum á Breiðafjarðarsvæðinu.

Verkefni A og B hér á eftir eru undirstöðuverkefni sem nánast öll önnur verkefni byggja á. Það var sameiginleg niðurstaða sérfræðingafundarins að þetta væru brýnustu rannsóknirnar sem ráðast þarf í á Breiðafirði. Einnig að hefjast verði handa sem allra fyrst vegna þess að frekari rannsóknir koma mikið til að byggja á þessum undirstöðurrannsóknum.

A) Húsakönnun. Lítið er vitað um byggingar á verndarsvæðinu, fyrir utan Flatey, og því mjög aðkallandi að gera húsakönnun yfir allt svæðið. Búseta hefur lagst af á stærstum hluta svæðisins og byggingar liggja undir skemmdum vegna notkunar- og viðhaldsleysis. Samvinna við eigendur grundavallaratriði.

- Forgangsroðun
  - T.d. setja rannsóknir á eyjum þar sem eru uppstandandi hús í forgang [Hafa samband við eigendur eyja og húsa].
  - Tala við heimildarmenn.

B) Fornleifaskráning. Mikilvægt er að gera fornleifaskráningu yfir allt svæðið svo við vitum hvað við erum með í höndunum. Erfitt er að forgangsraða og gera áætlanir þegar lítið er vitað um eðli og umfang minja á svæðinu

## 2.2. Sértekjar rannsóknir

- Skrá vita á svæðinu.
- Gera ská yfir breiðfirska báta sem hafa varðveist í samstarfi við bátasafnið á Reykhólum og Samband íslenskra sjóminjasafna.
- Skrá bátsflök og skipsflök í sjó, koma upp flakaskrá.
- Gera ábúendatöl í eyjum og í landi.
- Selveiðar Norðmanna á Breiðafirði á 19. öld.
  - Múlasveit, vöðuselir.
- Sameiginleg skráning, örnefnaskráning, fornleifaskráning, húsaskráning.
- Fornar hafnir og kaupstaðir.
- Fornar klausturminjar og þingstaður.
- Framkvæma hættumat.
  - Byggingar, vegagerð, framkvæmdir.
  - Hætta frá fuglabyggð.
  - Ágangur sjávar.
    - T.d. á Oddbjarnarskeri.
    - Á strandlengju.
- Uppistandandi hús í Breiðafjarðareyjum hafa varðveislugildi.
  - Gera úttektir og uppmælingar.
  - Halda þeim við og í notkun í samráði við eigendur.
- Frekari skráning á leiðum, miðum og örnefnum á hafi.
- Viðtöl við ábúendur á eyjunum og á strandlengjunni.

Þarf að drífa í því vegna þess að heimildarmenn eru að falla frá!
- Búnaðarhættir og eyjabeit [Þjóðháttarannsókn um lifnaðarhætti í eyjunum almennt. Gera nýja húsaskrá í Stykkishólmi og á Snæfellsnesi. Vitnisburður síðustu ábúenda!].
- Skrá álfabyggðir, álagabletti og aðra staði og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- Skrá þjóðsögur, sagnir, þjóðtrú og annað þjóðfræðiefni.
- Safna ljósmyndum af Breiðafjarðarsvæði í samvinnu við ljósmyndasöfn svæðisins.

### 2.3. Samantekt þekkingar

Tengja þarf saman það sem þegar hefur verið gert:

- Fornleifarannsóknir.
  - Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.
  - Fornleifafræðistofan.
  - Fornleifastofnun Íslands.
  - Þjóðminjasafnið.
  - Önnur fyrirtæki og stofnanir.
- Örnefnaskráning á sjó og landi.  
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Þjóðháttá- og þjóðfræðirannsóknir.
  - Háskóli Íslands.
  - Þjóðminjasafnið.
  - Stofnun Árna Magnússonar.
  - Önnur fyrirtæki og stofnanir.
- Náttúrufræðirannsóknir.
- Myndefni.
  - Ljósmyndasafn Stykkishólms.
  - Bæringsstofa.
  - Kvikmyndasafn Íslands.

Þarf að koma á samstarfi fyrirtækja og stofnana, þótt það sé á ólíkum sviðum. Eitt sem gerir rannsóknir við Breiðafjörð erfiðar er kostnaður við ferðir og leiðsögn, þar sem svæðið er erfitt að ferðast um nema fyrir kunnuga. Því væri það mikill kostur ef hægt væri að koma á samstarfi ólíkra aðila. Einnig þarf að kanna hvort hinar ýmsu rannsóknir skarist ekki eða styðji hver við aðra.

Fylla þarf upp í þekkingargöt, afla grunngagna.

- Loftmyndir.
- Kort.
- Leita eftir samningi við Loftmyndir ehf. um útvegum loftmynda yfir þetta svæði.
  - Svo að hægt sé að nota þær meira í fræðastörfum og útgáfu.
  - Fá heildarpakka fyrir fornleifaskráningu, örnefnaskráningu og náttúrufræðirannsóknir í samvinnu við sveitarfélög og Búnaðarsamband Vesturlands.
- Ekki bara einblína á eyjarnar, ekki er hægt að skilja á milli eyjanna og hafsvæðisins umhverfis þær, þær eru það nátengdar hafinu og sínu umhverfi.
- Mikill vilji er hjá Húsafriðunarnefnd til að styrkja húsakannanir.
  - Vantar fólk til að vinna kannanirnar.
  - Fá sveitarfélögin til að sækja um styrki til húsaskráninga.
- Athuga með oblique loftmyndir af svæðinu.
  - Mats Wibe Lund.

- Árbók Ferðafélagsins 1989, loftmyndir teknar af Jóni Karli Snorrasyni.
  - Athuga hvort hægt er að fá þær.
- Náttúrufræðistofnun, talningar.
  - Arnþór, skarfatal, myndir frá 1974 til dagsins í dag.
- Skipulagning og yfirsýn.
  - Til að nýta fjármagn.
  - Til að nýta tíma.
  - Til að fá frekari samvinnu.
- Samráðshópur.
  - Fulltrúar sveitarfélaga.
  - Stofnanir á svæðinu.
  - Rannsakendur.
  - Samræma aðgerðir.
- Taka saman skrá yfir allar fornleifafræðirannsóknir og –skráningar sem gerðar hafa verið.
- Athuga óútgefnar heimildir.
  - Óútgefin handrit Friðriks Eggerz, gefa þarf út Skarðstrendinga sögu Gísla Konráðssonar og velja yngsta handrit höfundar til útgáfu. Rit Friðriks eru að sumu leyti svar við henni. Skarðverjar verða að eiga sér verjanda.
  - Dagbækur Þorleifs Jónssonar.
  - Dagbækur frá Heinabergi, Guðlaugur Daðason.
- Miðla upplýsingum svo hægt sé að nýta þær í tengslum við ferðamannaíðnað.
- Tenging náttúrufræðirannsókna og dýrabeinafornleifafræði.
  - Hvallátur.
  - Rostungar og geirfuglar.
- Upplýsingar um fiskigengd á svæðinu – kort frá Hafró.
- Suðurfirðir nokkuð vel skráðir vegna vegagerðar og framkvæmda.
- Barðaströnd út að Látrabjargi lítt þekkt.
- Skilgreina Breiðafjörð.

Margvíslegar rannsóknir hafa verið gerðar á menningarminjum Breiðafjarðar og eru niðurstöður margra þeirra aðgengilegar en mikið er þó óbirt.

#### *Búið að gera*

- Heiðrún Eva Konráðsdóttir tók viðtöl við fólk í Flatey og er að semja BA-ritgerð. Grein eftir hana undir heitinu *Flatey á Breiðafirði: eyjabúskapur, verslun og samfélagið í eyjunni frá 1900 til 1940*. (Sagnir 2008).
- Þórunn Kjartansdóttir tók viðtöl við fólk í Skáleyjum og er að gera BA ritgerð.
  - Viðtöl við börn Gísla í Skáleyjum.
  - Viðtöl við syni Eysteins Gíslasonar.
  - Viðtal við Alfreð Þórólfsson, tengdason Jóhannesar Gíslasonar.
  - Viðtal við dætur Jóhannesar Gíslasonar.
  - Viðtal við barnsmóður Eysteins Gíslasonar.
- Námsritgerðir.

- Gögn útvarpsins.
- Þjóðháttasafnið.
- Doktorsritgerð Toms Amorosi í fornleifafræði
- Saga Breiðafjarðar eftir Sverri Jakobsson í vinnslu.
- Rannsóknir Bjarna F. Einarssonar á flakinu í Flatey.
- Bókasafnið á Drangnesi – viðtöl.
  - Athuga á fleiri bókasöfnum.
- Halda við samantekt Benedikts Eypórssonar.
- Húsakönnun Guðmundar L. Hafsteinssonar yfir Flatey frá 2007.
- Ljósmyndasafn Stykkishólms (Ljósmyndasafn Jóhanns Rafnssonar).
- Upptökur og filmubútar hjá Kvikmyndasafni Íslands.

#### *Verndaráætlun Breiðafjarðar – Mikilvægt*

- Hvað þarf að vernda?
- Uppistandandi hús. Varðveislumat við gerð húsakannana er forsenda til að taka ákvörðun um hvaða hús sé æskilegt að vernda.
- Menningarminjar í hættu.
  - Vegna ágangs náttúru og manna.
- Verndun menningar- og búsetulandslags.
  - Hætta vegna skógræktar.
  - Engin skógrækt í eyjum.
  - Órækt, hvönn, kerfill.
- Forgangsröðun – rannsóknaráætlun.
- Gera úttekt á áhrifum aukins ágangs ferðamanna á minjar, sérstaklega í Flatey.
- Fiskimiðin eru óaðskiljanlegur hluti af menningarlandslagi og nytjum Breiðafjarðar og því var Breiðafjörður skilgreindur sem svæðið frá Látrabjargi að Öndverðarnesi, að öllu meðtöldu, hafsvæði, eyjum og strandlengju.
- Hafið er óaðskiljanlegur hluti af fornleifa- og örnefnaskráningu.

#### *Gagnasafn Breiðafjarðar*

Koma upp gagnasafni, hafa allar upplýsingar og gögn á sama stað.

- Kortavefsja
- Náttúruvefsja
- Skýrslur
- Dagbækur úr rannsóknarferðum
- Frumgögn úr rannsóknum

### 3. Lokaorð

Verði rannsóknir eflar í samræmi við þessar áherslur er ljóst að þekking á menningarminjum og sögu Breiðafjarðar mun aukast til mikilla muna. Áherslurnar eru settar fram til að sýna fram á hvað við eigum mikið verk fyrir höndum og hvað sé brýnast að gera til að varðveita viðkvæmar menningarminjar svæðisins. Þær sýna að grunnrannsóknir eru brýnastar. Grunnrannsóknir eru nauðsynlegar til að átta sig á eðli og umfangi minja á svæðinu og eru grunnurinn að frekari menningarminjarannsóknum þar. Þær munu vonandi nýtast rannsakendum til að skipuleggja rannsóknir sínar í náinni framtíð og hvetja til aukinnar samvinnu.

Þakkir

Flestar stofnanir landsins í menningarrannsóknum komu að sérfræðingafundinum í Stykkishólmi og lögðu fram vinnu síns fólks. Þetta voru (í stafrófsröð) [Breiðafjarðarnefnd](#), Fornleifafélag Dala og Barðastrandar, [Fornleifafræðistofan](#), [Fornleifastofnun Íslands](#), [Fornleifavernd ríkisins](#), [Háskóli Íslands](#), [Húsafriðunarnefnd](#), [Náttúrustofa Vestfjarða](#), [Náttúrustofa Vesturlands](#), [Stofnun Árna Magnússonar](#) og [Þjóðminjasafn Íslands](#). Sigríður E. Elísdóttir, ritari Breiðafjarðarnefndar, tók þátt í undirbúningi fundarins. Fá framantaldar stofnanir, starfsmenn þeirra er sátu fundinn og áðurnefndir einstaklingar bestu þakkir fyrir þátttökuna og vinnuframlag sitt. Breiðafjarðarnefnd greiddi kostnað vegna fundarins sjálfs.

**Viðauki**

## **Vinnufundur um rannsóknir á menningarminjum á verndarsvæði Breiðafjarðar**

**17. - 18. apríl 2009**

### **Vinnufundur um rannsóknir á menningarminjum á verndarsvæði Breiðafjarðar 17.-18. apríl 2009**

Dagana 17.-18. apríl 2009 verður haldinn í Stykkishólmi, sérfræðingafundur um framtíð og forgangsröðun rannsókna á menningarminjum á verndarsvæði Breiðafjarðar. Markmið fundarins er að smíða yfirgripsmikla áætlun um skráningu og lykilrannsóknir á menningu og minjum Breiðafjarðar. Mun sú áætlun nýtast sem grunnur fyrir áframhaldandi vinnu og ákvarðanatöku. Boðið er til fundarins sérfræðingum á hinum ýmsu sviðum minjaverndar.

#### **Aðdragandi:**

Árið 2007 var unnin rannsókn- og vöktunaráætlun fyrir Breiðafjörð á sviði náttúrurannsókna. Var hún unnin af sérfræðingum í vistfræði Breiðafjarðar og öðrum sem lagt gætu málinu lið.

Nú er komið að því að gera svipaða rannsóknaráætlun fyrir menningarminjar. Stofnaður var undirbúningshópur með fulltrúum Fornleifaverndar ríkisins og örnefnasafns Stofnunar Árna Magnússonar. Undirbúningshópurinn fundaði í byrjun árs 2009 og lagði drög að skipulagningu vinnufundar í apríl 2009.

#### **Uppbygging**

#### **fundarins:**

Fundurinn er einkum hugsaður sem vinnufundur þar sem sérfræðingar koma sér saman um lykilatriði í skráningu og rannsóknum við Breiðafjörð.

Meginhluti fundarins verður hópastarf í tveim hópum; i) Staða þekkingar og þekkingargöt?, ii) Hvað ber að leggja áherslu á næstu árin? Áherslur hvers hóps verða samtvinnaðar í heildstæða mynd við lok fundar. Að loknum vinnufundi gengur undirbúningsnefnd frá greinargerð um niðurstöður fundarins.

**Dagskrá vinnufundar um skráningar- og rannsóknaráætlun fyrir  
Breiðafjörð,  
Stykkishólmi 17.-18. apríl 2009**

## Föstudagur 17. apríl

Kl. 10.30. Kaffi við komu í Stykkishólm  
Kl. 11.00. Setning fundarins (allir saman í fundarsal)  
Kl. 11.05. Kynning á sérstöðu Breiðafjarðar ásamt og markmiðum fundarins. (*Magnús A. Sigurðsson*)  
Kl. 11.20. Kynning á „Geirþjófsfjarðarmódelinu“. (*Ragnar Edvardsson*)  
Kl. 11.50. Eyjamenning á Breiðafirði: lands- og sjávarhættir. (*Garðar Guðmundsson*)

Kl. 12.30. Hádegisverður  
Kl. 13.30. Farið yfir fyrirkomulag hópastarfs (allir saman í fundarsal)  
Kl. 13.40. Hópastarf

Kl. 15.30. Kaffi  
Kl. 16.00. Hópastarf  
Kl. 18.30. Dagskrárlok fyrri dags  
Kl. 19.00. Kvöldverður á Narfeyrarstofu, Aðalgötu 3

## Laugardagur 18. apríl

Kl. 8.00 – 8.30. Morgunverður  
Kl. 08.30. Hópastarf  
Kl. 10.00 – 10.15. Stutt kaffihlé.  
Kl. 10.15. Hópastarf  
Kl. 11.15. Hópsstjórar og ritarar taka saman niðurstöður hópavinnu (aðrir eiga frí)  
Kl. 12.00. Hádegisverður  
Kl. 13.00. Hópsstjórar kynna niðurstöður (allir saman í fundarsal). Kl. 13.00. Hópur 1 (Staða þekkingar og þekkingargöt) Kl. 13.30. Hópur 2 (Hvað ber að leggja áherslu á næstu árin?),  
Kl. 14.00. Samþætting hópastarfs og forgangsröðun verkefna (allir saman)  
Kl. 16.00. Fundarslit  
Kl. 16.05. Kaffi

## Stofnanir sem koma að verkefninu (í stafrófsröð) með fyrirvara um þátttöku:

- [Breiðafjarðarnefnd](#)
- Fornleifafélag Dala og Barðastrandar
- [Fornleifafræðistofan](#)
- [Fornleifavernd ríkisins](#)
- [Fornleifastofnun Íslands](#)
- [Háskóli Íslands](#)
- [Húsafriðunarnefnd](#)
- [Náttúrustofa Vesturlands](#)
- [Náttúrustofa Vestfjarða](#)
- [Þjóðminjasafn Íslands](#)
- [Stofnun Árna Magnússonar](#)

## Undirbúningshópin skipa:

- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður vesturlands  
[magnus@fornleifavernd.is](mailto:magnus@fornleifavernd.is)
- Ragnar Edvardsson [ragnar@fornleifavernd.is](mailto:ragnar@fornleifavernd.is)
- Svavar Sigmundsson, stofustjóri nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar [svavar@hi.is](mailto:svavar@hi.is)

## Umræðupunktur og leiðbeiningar fyrir vinnufund um rannsókn- og vöktunaráætlun Breiðafjarðar, Stykkishólmi 17. - 18. apríl 2009.

Markmið hópastarfsins er, annars vegar að sjá út helstu þekkingargöt, og hins vegar að útbúa og leggja fram rökstuddar tillögur að skráningar- og rannsóknaverkefnum ásamt forgangsroðun þeirra. Rannsóknirnar geta verið á ýmsum sviðum, fornleifafræði, þjóð- og þjóðháttufræði, nafnfræði, sagnfræði, eða þverfaglegar. Ekki er ætlast til að aðferðalýsing fylgi tillögum að verkefnum.

Ef þátttakendur hafa undir höndum gögn sem komið gætu að gagni við þessa vinnu er æskilegt að þeir hafi þau meðferðis á vinnufundinn, t.d. á 3-5 glærum.

Atriði sem helst þarf að leggja áherslu á!

- *Vísindalegt og/eða menningarlegt gildi og verndargildi.*
- *Sérstaða, lykilþættir.*
- *Breytingar.*
- *Tengingu við aðra þætti.* Hversu fýsilegt er að tengja verkefnið við aðra þætti svæðisins (sbr. viðfangsefni annarra faghópa).
- *Sértæk verkefni*

Í síðustu vinnulotunni er gert ráð fyrir að allir vinni saman í fundarsal og samþætti niðurstöður allra vinnuhópa. Hér verður reynt að tengja saman verkefni og heildstæð forgangsroðun verkefna fyrir Breiðafjörð búin til. Verkefni verða sett í þrjá flokka: a) mjög brýn, b) brýn og c) mikilvæg.

Einnig er æskilegt að hér verði umræða um helstu ógnir sem steðja að menningarminjum Breiðafjarðar.

## **Reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæði Breiðafjarðar**

### *1. gr.*

Breiðafjarðarnefnd er menntamálaráðherra til ráðgjafar um vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæði Breiðafjarðar, þar á meðal byggðarheildar gamalla húsa í Flatey og vernd sjóminja.

### *2. gr.*

Verndarsvæði Breiðafjarðar tekur til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagleý og Höskulds-ey í Vallabjarg að sunnanverðu.

### *3. gr.*

Breiðafjarðarnefnd lætur gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skal þeim markmiðum sem sett eru um vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæðinu.

### *4. gr.*

Líta skal á verndarsvæði Breiðafjarðar sem þjóðminjaverndarsvæði, eins og þau eru skilgreind skv. Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, en þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum og lögum um húsafriðun.

### *5. gr.*

Allar minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, sbr. þjóðminjalög nr. 107/2001. Áhersla skal lögð á vernd minja um hlunnindabúskap svo og vernd sjóminja, svo sem vöð, varir, hafnir, verbúðir og bátalægi, slippi, ferjustaði, vita og önnur siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansa og önnur varnarmannvirki, skipsflök eða hluta úr þeim og allt annað sem tengist sjósókn.

### *6. gr.*

Leyfi Fornleifaverndar ríkisins þarf til allra fornleifarannsókna. Leita þarf leyfis stofnunarinnar í tengslum við hvers konar jarðrask sem ógnað gæti fornleifum, sbr. 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. Fornleifavernd ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd allra fornleifarannsókna, þ.m.t. frágangi á vettvangi að uppgreftri loknum og skilum á rannsóknargögnum til Breiðafjarðarnefndar í tengslum við verndaráætlun Breiðafjarðar.

### *7. gr.*

Skylt er að fram fari fornleifaskráning vegna framkvæmda á verndarsvæði Breiðafjarðar sem hafa í för með sér hverskyns jarðrask, hvort sem er vegna húsbygginga, vegagerðar, túnræktar, skógræktar eða annarra framkvæmda. Fornleifaskráning skal liggja fyrir áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er gefið út.

Samráð skal haft við Fornleifavernd ríkisins um fornleifaskráningu vegna skipulagsgerðar, sbr. gr. 4.20 í skipulagsreglugerð og ákvæði þjóðminjalaga.

8. gr.

Sérákvæði um þorpið í Flatey.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á húseignum í gamla þorpinu í Flatey án leyfis húsafriðunarnefndar, en þorpið er skilgreint í Aðalskipulagi Flateyjar 1990-2010 og deiliskipulagi frá 1993. Í aðalskipulagi segir:

*Þorpið í heild sinni, sem og einstök hús eru talin til menningarsögulegra verðmæta sem nauðsynlegt er að varðveita. Þess vegna er gert ráð fyrir því að settar verði sérstakar reglur um varðveislu þorpsins í samráði við Þjóðminjasafn og húsafriðunarnefnd, þegar aðalskipulagið hefur verið samþykkt.*

Við endurbætur og viðhald fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafriðunarnefndar. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á hús. Vilji eigendur húseigna ráðast í framkvæmdir, skulu þeir í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar lýsa nákvæmlega fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Húsafriðunarnefnd skal svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því.

9. gr.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að leitað sé eftir áliti Umhverfisstofnunar og húsafriðunarnefndar áður en leyfi er veitt til breytinga eða framkvæmda.